

---

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google™ books

<https://books.google.com>



---

This is a reproduction of a library book that was digitized by Google as part of an ongoing effort to preserve the information in books and make it universally accessible.

Google™ books

<https://books.google.com>



UC-NRLF



B 4 685 000



LIBRARY  
OF THE  
UNIVERSITY OF CALIFORNIA.

*Class*





# SVARFDÆLA SAGA.

---

BÚÐ HEFIR TIL PRENTUNAR  
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.  
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*  
1898.

---

**Félagsprentsmiðjan**

## FORMÁLI.

---

Svarfdæla saga er hér gefin út eftir útgáfu Bókmentafélagsins af þessari sögu, sem Finnur Jónsson hefir búið til prentunar. Áður er sagan gefin út af Fornfræðafélaginu norræna 1830.

Af Svarfdælasögu er ekkert handrit til á skinni, nema skinnblað eitt, sem þó er ekki gamalt, og er þar í nokkuð af 23. og 24. kapítula sögunnar.

Pappírshandrit af Svarfdælu eru mörg, enn öll eru þau mjög aflöguð, og í þeim öllum eru sömu eyðurnar. Fyrsta eyðan er í 9. kap.; hún er fyllt í útgáfunni frá 1830, enn hvaðan sú fylling er tekin, vita menn nú ekki. Í útgáfu dr. F. J. er uppfylling þessi tekin eftir tveim handritum; annað þeirra (í Rasks-safni) hefir fylltar allar eyðurnar, og er skrifað af séra Ólafi Sivertsen í Flatey 1812. Hitt handritið, sem einnig er í Khöfn, er skrifað skömmu eftir aldamótin 1700. Aðaleyðan er í 10. kap., og er hún fyllt eftir handritinu í Rasks-safni, og borið saman við tvö handrit í safni Bmfél. í Reykjavík, sem annað er ritað af Einari á Mælifelli, enu hitt af Halldóri mála-Davíðssyni, er bæði hafa eyðufyllingarnar. Þessar fyllingar eru ekki gamlar; að minsta kosti þykir líklegt, að aðalfyllingin í 10. kap. sé ekki rituð fyrir enn nálægt síðustu

aldamótum. Fyrsta uppfyllingin álítr Dr. F. J. að sé oflöng, auk þess sem hún sé ósennileg að frásögn og ófornleg að orðalagi. Sama er að segja um aðalfyllinguna, sem þar að auki á ekki einu sinni við meginmálið; sam-  
skeytin eiga ekki saman. Dr. F. J. segir um þessa eyðu:

„Það sem staðið hefir í þeyðunni, að svo miklu leyti sem séð verður af sögunni, er þetta :

1. Þorsteinn fer frá jarli og heim til föður síns í Naumudali, og dvelr þar líklega nokkuð lengi, þannig, að börn hans hafa átt að vera fullvaxin; Karl hinn rauði er nefndr sem aðalmaðrinn, ásamt með föður sínum, sem heldr er orðinn gamlaðr, rétt á eftir eyðunni. Þar hefir og staðið um hertöku Þórögnu af Snækolli Ljótssyni; um kefið, sem nefnt er í 14. kap.; svo og um útför þeirra feðga til Íslands og orsökina til hennar, sem líklega hefir verið eins og ella, yfirgangr Haralds hárfagra; um ferðina sjálfa og landtöku þeirra og landnám; um byggingu hans á Grund; enn undarlegt er og verður það (enda mun sú grein vera síðara innskot og bendir málið til þess), að á eftir eyðunni er talað um, að Þorsteinn lagði undir sig allan dalinn öðrum megin o. s. frv.; eftir því lítr svo út, sem sagan hafi ætlazt til þess, að Ljótólfr hafi verið fyrir í dalnum, þá er þeir Þorsteinn komu, þótt það í raun-  
inni hafi verið alt öðru vísi (sbr. Landn.).

2. hlýtr þar einnig að hafa staðið um Ljótólfr goða, hversu hann byggði dalinn og hefir eignað sér hann allan; þar hefir og að líkindum eitthvað staðið um sætt og for-  
feður hans, hvernig sem hún hefir verið rakin.

3. hefir staðið um upphaf ófriðarins og illdeildanna

meðal Ljótólfs og Dorsteins, meðal Hofsverja og Grundarmanna; og er auðskilið, að það hefir verið af því, að hver fyrir sig vildi eigna sér allan dalinn og bæla hinn niðr sem mest.

4. enn fremr hefir þar verið talað um aðra menn sögunnar; um Una, uppruna hans og ætterni, og skyldleik við Ljótólf (frásögnin á eftir eyðunni er öll svo ruglingsleg og flækt, að þar er ekki hægt að henda reiður á nokkuru í rauninni); um „þá bræðr“, er vóru jafnskyldir Dorsteini sem Uni Ljótólfi; enn fremr um Grís, er „fyr var getit“ (sbr. 14. kap.) og skyldleik hans við Ljótólf. Enn fremr eru margir nefndir seinna í sögunni, sem koma alveg upp úr þurru, án þess nokkur deili sé á þeim sögð, og mætti því telja það líklegt, að þeirra hefði verið getið í eyðunni; svo er t. d. um Þórarin á Hellu; hann er sagðr skyldr Klaufa (16. kap.), enn hvernig, stendr hvergi. Geirdís í Holti hinu ytra og Geiri sonr hennar eru nefnd eins og kunnugar persónur (25. kap.), og þó er þeirra aldrei getið, hvorki fyrr né síðar; þó þykir mér ólíklegt, að um þau hafi nokkuð staðið í eyðunni. — Enn fremr hefir þar eitthvað staðið um ætterni Óláfs úr Óláfsfirði (13. kap.) og ýmislegt annað“.

„Hvað þá orrustu snertir, sem frásögnin byrjar aftr á, þá er eigi gott að segja mikið um hana; því að það sem á eftir kemr er alt svo ruglingslegt og í molum; enn eftir því að dæma, hvar hún gerist, þ. e. í Deildardal, eða austanvert við Skagafjörð, þar sem Uni og Kolbeinn bjuggu, þá sýnist svo, sem hún hafi verið milli þeirra tveggja, því að snemma hafa hafizt deilur milli

þeirra, og hefir það að líkindum eitthvað snert þá Þorstein og Ljótólf. Kolbeinn var systursonr Þorsteins (eftir Landn.) og Uni var frændi Ljótólfs, sbr. og Vatnsdælu, þar sem Uni segir við Odd son sinn: „ok hættum vér oss meir á unga aldri, þá er ek börðumst við Kolbein“.

Nú er það víst, að sagan hefir verið til heil á 17. öld, því í handriti af Jónsbók, sem er með innskotsgreinum, Jónsbók interpolata, er vitnað í Svarfdælu og tilfærð orð, sem hljóta að vera úr eyðunni mestu: „Dér hafið ókænlega haldit hér at óbygðum, því mitt herað er hér inn frá; „þat var Svarfaðardalr“.

Síðari eyðurnar eru miklu minni, og er helzt þeirra eyða í 17. kap. Eyðufyllingin er þar eitthvað röng, svo að það sem á eftir kemr á ekki við. Það sem í vantar er um viðreign Klaufa og Atla; Atli virðist hafa flúið, sbr. orðin: „allvel at hlaupa fyrir Atla nökkura hrið“.

Landnáma getr Svarfdæla sögu, enn það er ekki sú saga, sem nú er til, enda er frásögn Landn. um þá menn og viðburði, sem hér um ræðir, öll önnur. Á sama hátt er það víst, að höf. þeirrar Svarfdæla sögu, sem vér höfum nú, hefir ekki þekt Landnámu. Af þessu er ljóst, að Svarfdæla saga er með hinum elztu sögum. Sagan, eins og hún er nú, er líklega rituð eftir munnmælum, sem hafa geymzt úr hinni fornu sögu meira og minna aflöguð.

Dr. Finnur Jónsson seltar, og færir góð rök fyrir, að Svarfdæla, eins og hún er nú (að undanteknum eyðufyllingunum), sé rituð á fyrsta fjórðungi 14. aldar. Höfundrinn hefir stuðzt við munnmæli (leifar hinnar upphaf-

legu rituðu sögu?) og vísur, því sumar vísurnar í Svarfdælu eru mjög fornar. Enn þær eru flestar mjög aflagaðar eins og sagan er öll.

Það yrði of langt mál hér, að bera saman frásagnir Landnámu og Svarfdælu; það er auðvitað að Landnáma, sem er hið áreiðanlegasta fornrit, fer þar með rétt, sem hana greinir á við Svarfdælu.

Dorsteinn svörfuðr var sonr Rauðs ruggu hersis í Naumudal (Svarfd. Þorgnýs í Naumudal) og kvæntur Hildi Þráins dóttur svarta þurs (í Svarfd. Ingibjörgu dóttur Herröðs Gauta jarls). Börn hans eru Karl hinn rauði (í báðum) og Goðrún (Þórnarna í Svarfd.). Goðrúnar fær Hafþórr vikingr (í Svarfd. fær Þórnunu Snækollr vikingr). Þeirra börn eru Klaufi og Gróa (í Svarfd. Klaufi og Sigríðr), Gróa (Sigríðr) verður kona Gríss, og ber sögunum hér enn saman, nema um nöfnin. Landnáma segir, að þeir Hafþórr (Snækollr) og Karl hinn rauði hafi verið góðir vinir, og átt saman orrustu við Atla; hafi Hafþórr fallið í henni, enn Karl verið handtekinn; þá hafi Klaufi komið að og borgið Karli. Báðar sögurnar segja Klaufa kvæntan Yngvildi fögrkinn, báðar geta þær um óvináttu Klaufa og bræðra hennar, báðar segja þær frá litgrasabagganum o. s. frv.

Efni sögunnar er þannig með samanburði við Landnámu og eftir líkindum:

Dorsteinn svörfuðr nembr land í dal þeim sem eftir honum er kallaðr Svarfaðardalr á síðari hluta landnáms tímans. Hann reisir bú á Grund, vestanmegin í dalnum. Síðan kemr Ljótólfr Álreksson austan af landi og tekr

sér bústað að austanverðu í dalnum. Hann reisir bæinn að Hofi og verður goði. Það verður ekki sagt, nær Dorsteinn muni hafa dáíð, enn líklegast, að þegar Ljótólfr flutti í Svarfaðardal, hafi Karl hinn rauði verið þar höfðingi. Milli þessara höfðingja verða síðan deilur, því að Karl mun hafa þózt eiga að ráða yfir dalnum og eigi þolað að aðrir hefði þar völd. Framan af hefir Karli veitt betr, enda hefir hann haft styrk af Klaufa frænda sínum, sem mun vera fæddr í Noregi, enn kemr út til Íslands með Grísi gleðli og systur sinni, sem Gríss átti. Klaufi hefir verið berserks ígildi, og eigi látið hlut sinn tyrir neinum. Hann hefir tekið Ingvildi fögrkinn fyrir konu að óvilja föður hennar, Ásgeirs rauðfeldar, og bræðra hennar. Ásgeirr hefir þá leitað liðs hjá Ljótólfi, og magnast þar af fullr fjandskapr milli þeirra Karls og Ljótólfs. Yngvildr fögrkinn hefir ekki verið vinkona Ljótólfs goða, heldr Hrólfs nefglitu, sbr. vísuna:

Hykk at heiti  
 Hrólfr nefglita,  
 sás býðr Klaufa  
 konu at verja,

o. s. frv.

Enn Hrólfr nefglita hefir verið vinr Ljótólfs, og leitar hann styrks til hans til að hefna sín á Karli og Klaufa. Þá drepa þeir Klaufa, Ásgeirs synir, bræðr Yngvildar, Þorleifr jarlsskáld og Óláfr völuþjótr. Þeir verða sekir, enn geta eigi komizt utan og eru um vetrinn á laun hjá Grísi og öðrum frændum sínum. Gríss er slægr maðr og beggja vinr, enn þó fremr Ljótólfs megin. Karl komst

að undirferli hans og vegr hann. Loks ber Ljótólfr hærra hlut og drepr Karl, og þaðan af ræðr hann einn að kalla í dalnum; hefir ef til vill eigi fyrr fengið goðorðið. Karl hinn rauði hefir átt nokkura sonu, sem hafa verið ungir, þegar hann fell frá, og hinn yngsti þeirra er Karl ungi. Hann hefnir föður síns á Skíða og Yngvildi fögrkinn. Að lokum sættist hann við Ljótólf, og hefir ef til vill mægzt við hann. Bræðr hans hafa verið hæglátir menn og friðsamir, og eftir dauða Karls hins rauða fær Ljótólfr öll völd í Svarfaðardal. Sonr Ljótólfs er vafalaust Valla-Ljótr, sem í Valla-Ljóts sögu er nefndr Álfsson goða, enn þar vantar að eins fyrri hlut föðurnafnsins. Hrólfr nefglita er að líkindum sami maðr sem bjó á Klaufabrekku og Valla-Ljóts saga getr. Þetta kemr alt vel heim við Valla-Ljóts sögu. Þar segir Hallr, sonar sonr Karls hins rauða (2. kap.): „Þar (í Svarfaðardal) hafa verið göfgir frændr mínir“, og Valla-Ljótr segir aftr við Halla (3. kap.): „Lengi hafa vórir frændr við hnipzt“, enda segir sagan (2. kap.), að „Ljótr var höfðingi yfir þeim frændum (niðjum Karls hins rauða) ok undu þeir frændr vel við þat“. (Sbr. Aarb. for nordisk Oldkyndighed 1884, bls. 120—142: Om Svarfdæla saga eftir Finn Jónsson).

Af öllu þessu má sjá, að Svarfdæla saga styðst við sannsöguleg atriði, þótt hún sé nú orðin aflöguð mjög frá því sem hún hefir verið upphaflega, enda eigi til í heilu líki framar. Einkum hefir söguritarinn vilzt á nöfnum, enn alt kemr þó vel heim, þegar borið er saman við Landnámu og Valla-Ljóts sögu.

Það er eigi hægt að ákveða það nákvæmlega, hvé-  
nær þeir viðburðir hafi gerzt, sem sagan segir frá, af  
því hún er svo ruglingslega og seint rituð, kemr litt við  
aðrar sögur, og þar að auki vantar svo mikið í hana.  
Dr. Finnur Jónsson sýtur þó, að aðalviðburðirnir hafi gerzt  
á þeim árum, sem hér eru sett á eftir.

---

## Tímatal.

---

<b>Þorsteinn svörfuðr nemr land í Svarfaðardal.</b>	
<b>Karl hinn rauði fæddr . . . .</b>	<b>910—920.</b>
<b>Þorleifr jarlsskáld fæddr . . . .</b>	<b>930—940.</b>
<b>Víg Klaufa . . . . .</b>	<b>um 960.</b>
<b>Víg Karls rauða . . . . .</b>	<b>960—970.</b>
<b>Dauði Ljótólfs goða . . . . .</b>	<b>980—990.</b>

---

---





## Svarfdæla saga.

Upphaf er þat þessarar sögu, at Haraldr konungr hinn hárfagri réð fyrir Noregi. Í þann tíma hafði sá maðr forræði fyrir Naumudölum, er Þorgnýr hét; hann átti tvá sonu; hét Þórólfr hinn ellri, enn Þorsteinn hinn yngri; þeir óxu upp með föður sínum, þar til er þeir váru frumvaxta. Váru þeir ólíkir í skaplyndi; Þórólfr var mjök við alþýðuskap, vitr maðr ok forsjáll, vinsæll ok gerðist kaupmaðr ok fór landa í milli, ok þótti hinn bezti drengr; ekki var hann mikill maðr, enn vænn at álitu ok vel á sik kominn. Þorsteinn var ekki við alþýðu, mikill vexti; hann bygði eldahús ok fekk mikitt ástleysi af föður ok móður, ok öllum frændum sínum, enn Þórólfr fekk því meiri virðing, sem hann flutti meira heim. Þorsteinn var því leiðari föður sínum, sem hann hafði þá iðju lengr, ok eigi vildi Þorgnýr láta hann sinn son

kalla. Fór nú svá, til þess er þeir váru roskn-ir menn; þá var Þorsteinn svá mikill, at hann lá í millum setstokka, sem hann var langr til; öskuhaugr var á aðra hönd honum, enn eldr á aðra, ok fellu menn um fætr honum.

2. Þessu næst er þat sagt einn tíma, at Þórólfr kom heim í land til föður síns með mikinn fjárblut ok margar gersimar, ok gerði faðir hans veizlu í mót honum með svá marga menn, sem honum þótti sinn sómi meiri enn áðr. Fór nú Þórólfr heim með föður sínum; þat var síð um kveld; gekk hann inn einn saman, því at honum váru göng kunnig, enn leið hans lá um eldahúsit, þar sem Þorsteinn bróðir hans lá. Í þann tíma dags var Þorsteinn vanr at leggjast til svefnis. Þórólfr gengr nú um eldahúsit. Þorsteinn lá í milli setstokkanna. Þórólfr gekk at, ok ætlaði trédrumb vera, enn barst svá at, at hann lá fallinn um Þorstein, ok hraut á öskuhauginn öðrum megin, enn Þorsteinn skeldi upp ok hló; þá mælti Þórólfr: „Til ills höfum vér þik fram dregit, er þú hlær at óförum vár-um“. „Djarfr ert þú“, sagði Þorsteinn, „er þú krytr um, þó at þú hafir fallit um fót mér, þar sem ek get eigi um, þótt þú farir með eigu okkra alla, ok hafir sem þú eigir, eða þykkist einn eiga þat, sem vit eigum báðir, ok kaupir þér með því orðlof ok vinsæld“. Þórólfr segir: „Vittu þat fyrir víst, at ek vilda gefa minn

eyri þar til, ok risir þú upp ór fletinu ok færir á brott ór þessu húsi“. Þorsteinn segir: „Seint ætla ek mik fyrirláta húsit, fyrir því at ekki fæ ek mér æðri athöfn, enn liggja hér í fletinu“. Þórólfr segir: „Þat vilda ek þú gerðir fyrir mín orð, ok skal ek þér því meiri vera, sem ek á meira kosti, enn aðrir frændr þínir, ef þú lætr at orðum mínum“. Þorsteinn segir: „Engi þökk get ek at föður þínum sé at fleipri þessu, enn mér litil; þykki mér meiri ván, at hann gjaldi þér fjandskap fyrir, því at hann vill mik sinn frænda eigi kalla láta fyrir ástleysis sakar við mik“. Þórólfr segir: „Öngu þykki mér þat varða, hvárt honum þykkir vel eða illa, fyrir því at mér þykkir ekki undir, hvárt ek em hér lengr eða skemr; hinu mun ek heita, sem ek skal efna, at við þik mun ek aldri skilja, á meðan vit lifum báðir“. Þorsteinn segir: „Ván þykki mér, bróðir, at þú munir þat efna, sem þú heitr, fyrir því at þú ert reyndr at drengskap, enn þó vil ek fyrir skilja um þat mál, ef vit kaupum saman“. „Hvat er þat?“ segir Þórólfr; „ek mun til vinna flest þat, er þú beiðir, ef þú gerir nú minn vilja“. Þorsteinn segir: „Kynlegt mun þér þykkja, hvers ek beiði; vil ek einn ráða jafnan, ef okkr skilr á“. Þórólfr segir: „Kynlegs blutar beiðist þú, frændi, og þykki mér þat meiri vandi enn virðing, enn þó vil ek þat gjarna til vinna,

at þú mættir sæmdarmaðr verða“. „Svá er þó“, segir Þorsteinn, „at ek hygg mik þat mæla meir í þína þörf enn mína, og munu vit nú þessu kaupa, ef þú vill þessu játa, enn grunr er mér á, at þú munir þetta eigi efna, þá er mér þykkir mestu máli skifta“. Þórólfr segir: „Eigi ætla ek svá at vanvirða orð mín, því at þat hefi ek aldri gert áðr“. „Hversu sem þat ferr“, segir Þorsteinn, „þá munu vit nú þessu kaupa“. Hann tekur þá upp hnakk sinn ok gengr út með, ok brýtr sundr; segir, at eigi skal konum gagn at verða. Þórólfr gekk til móður sinnar, og bað hana kerlaug gera. Hon spurði, hvat þat skyldi. Þórólfr segir: „Þorsteinn son þinn reis nú upp ór fletinu, ok vill hafa kerlaugina“. „Góðu heilli“, segir hon. Ok nú færir hon Þorstein af klæðum, vararváðarstakki ok hökulbrókum þeim er hann var vanr at vera í; var honum nú þvegit, ok kembt hár hans ok skorit; kom Þórólfr þá með klæði ok bað hann í fara; klæddist Þorsteinn nú skjótt. Síðan tók Þórólfr af sér seilamöttul; þar var í skarlat ok undir gráskinn, ok lagði yfir Þorstein, enn er hann stóð upp, tók hann honum eigi meir enn á bróklinda; tók hann þá af sér skikkjuna, ok bað hann sjálfan með fara, enn bað hann fá sér aðra yfirhöfn, þótt hon væri eigi jafngóð. Þórólfr fekk honum loðkápu, ok bað hann í fara. Hann steypir yfir sik káp-

unni, ok var hon hvárki síð né of stutt. Þá tók Þórólfr af sér sverð ok gaf honum; þat var góðr gripr ok vel búit. Þorsteinn tók við sverðinu, ok brá þegar; tók blóðrefilinn, ok dró saman milli handa sér, svá at upp lá blóðrefillinn við hjöltin; þá lét hann hlaupa aftr, ok var þá ór allr staðrinn. Seldi hann þá Þórólfi aftr sverðit, ok bað hann fá sér annat vápn sterkara, — „ok skal mér eigi sneis þessi“. Þórólfr tók við sverðinu, ok þótti spilt, ok bað hann þá ganga til vápnakistu sinnar um morgininn, ok kjósa þat vápn, er honum þætti vænlegast. Eftir þat gengu þeir til borðs, ok sat Þórólfr næst föður sínum, enn Þorsteinn á aðra hönd honum. Þorgnýr sér þá bræðr, ok lætr síga brún á nef, ok kvaddi Þorstein öngu, enn Þórólfr orti orða á hvern mann ok var hinn kátasti. Enn um morgininn gengu þeir bræðr til vápnakistu Þórólfs; ok fann Þorsteinn þar bolöxi, þá er honum þótti við sitt skap vera, ok færir hana á breiðöxar skaft; ok gekk síðan til lækjar ok hvatti hana; þessa öxi bar hann síðan at vápni. Sátu þeir nú með föður sínum um vetrinn.

3. Um várit spurði Þórólfr Þorstein, hvat hann vildi ráða sinna, enn hann bað Þórólfr ráða, — „þykki mér vel, at þú sjáir fyrir hit fyrsta sinn, er vit förum báðir saman“. Bjó Þórólfr þá skip sitt, ok réð til háseta. Heldu

þeir síðan skipi sínu til kaupstaða. Er þat eigi sagt, í hverja þeir heldu, enn hitt er greint, at þeir kómu heim at hausti. Tók Þorgnýr við Þórólfi eftir vana virkta vel, enn lét sem eigi sæi hann Þorstein; ok ekki höfðu þeir viðmæli á hinum fyrrum misserum, síðan hann reis ór fletinu. Þar váru þeir þann vetr, ok var samt um með þeim feðgum, Þorgný ok Þorsteini, svá at aldri mæltust þeir við. Nú lagðist engi mannvirðing á Þorstein, meðan svá búit var. Þá spurði Þórólfr Þorstein bróður sinn, hvat hann vildi at hafast um sumarit, — „því at mér virðist, sem þér þykki lítit gaman at kaupferðum“. „Rétt getr þú“, segir Þorsteinn; „þykkir mér kaupferðir mönnum meir til prýði og ágætis, enn til hreysti“. Þá sagði Þórólfr: „Hvat skulu vit þá fyrir okkr leggja?“ Þorsteinn segir: „Hugsat hefi ek nökkut til þess; ek vilda, at þú keyptir okkr langskip tvau, ok heldir þú knerri okkrum í kaupstaði, sem þú ert vanr“. „Annat ætla ek fyrr“, segir Þórólfr, „því at þat skal ek enda, sem ek hefi heitit, at vit þik mun ek aldri skilja, meðan vit lifum báðir“. Þorsteinn segir: „Þetta gerir þú illa, því at faðir þinn mun svá virða, ef þú kemr eigi aftr, sem ek hafa setit um líf þitt, ok er þat mikill skaði, ef þér verðr nökkut, enn alls engi um mik, enn þetta er mikil háskafferð“. Eigi at síðr keypti Þórólfr tvau lang-

skip, ok seldi knörrinn. Heldu þeir þeim í hernað, ok varð þeim gott til fjár um sumarit; heldu heim at hausti, ok höfðu fim skip. Er ekki getit, hvar þeir herjuðu. Fór svá fram þrjú sumur; höfðu þeir þá tólf skip ok auð fjár.

4. Svá er sagt, at hit þriðja haust gekk Þorgnýr á móti Þorsteini ok heilsaði honum fyrri; hann tók vel föður sínum, ok váru þeir þar of vetrinn, enn hásetar vistuðust annarsstaðar. Þorgnýr bauð þeim bræðrum, at þeir tæki við búi ok fjár forráðum, enn þeir sögðu báðir senn með einum munni, ok kváðust ekki fylgja vilja nema hans ráðum, meðan hann væri til, — „enda höfu vit enn ekki reynt okkr“, segir Þorsteinn, „í einvígjum ok víkingu, ok munu vit enn freista lengr, ok vilda ek, faðir, þú vísaðir okkr til víkings nökkurs, þess er nökkurr framí væri í at berjast við, ok bíða ek annathvært bót eða bana, ok væri mín getit at nökkuru“. „Þat er líkast ok“, segir Þorgnýr, „at þat fáir þú, þegar *er* þú beiðist, ef þér þykkir allmikit undir at deyja skjótt. Nú mun ek vísa þér til þess manns, at uppi mun vera, meðan heimrinn stendr, ef þú sigrar hann“. „Lúk heill munni í sundr“, segir Þorsteinn, „ok vísa mér til hans sem skjótast“. „Svá skal vera“, segir Þorgnýr. „Ljótr enn bleiki heitir maðr; hann er austr í Sviaskerjum

ok hefir fimtán skip ok dreka þann, er jární er varðr fyrir ofan sjó; hann siglir í gegnum hvert skip; kallar hann drekann Járnbarda. Ljótur er mikill maðr vexti, vænn at álití; enn segja sumir menn, at hann bíti ekki vápn“. „Nú hefir þú vel sagt“, segir Þorsteinn. „ok skal ek annathvært bíða hel, eða hafa feldan Ljót at hausti“. Þjó Þorsteinn nú skip sín ór landi, enn keypti knörr einn, svá at Þórólfr vissi eigi. At sumri bjoggust þeir til ferðar, ok er þeir kómu til skipa, segir Þorsteinn Þórólfi fyrirætlun sína, — „knörr þenna hefi ek keypt; ætla ek at þú skulir halda í kaupferðir í sumar, enn ek mun fara í hernað“. Þórólfr segir: „Hví viltu, bróðir, at vit skiljum, þar sem ek hefi því heitit þér, at vit skyldim aldri skilja?“ Þorsteinn svarar: „Nú er þar komit, frændi, at ek vil ráða, eftir því sem ek hefi fyrir skilit, fyrir því at mörgum mun þykkja mikill skaði um þik, ef þér verðr nökkut til meins, enn alls engi um mik, þó at ek koma eigi aftr“. Þórólfr segir: „Ekki þarftu at mælast undan þessu; mér þykkir verra líf enn hel, ef ek skil við þik“. Þorsteinn segir: „Fór sem mik varði, at ekki myndir þú efna þat, sem þú hézt, enn þó mun ek eigi láta letjast ferðarinnar, ok segir mér svá hugr um, at vit munum eigi báðir aftr koma, ok eigi örvænt, at hvárrgi komi“. Þórólfr segir: „Engi má

komast fyrir sitt skapadægr; þykki mér meiri sæmd, at deyja með þér, enn lifa við skömm ok hneisu eftir“. „Þú munt nú ráða“, segir Þorsteinn. Ok heldu þeir nú skipunum til Gautelfar, ok gáfu nú öngvan gaum at víkingum. Þeir sigldu at skerjunum, ok sá þar kastala einn. Þorsteinn bað þá þar at leggja. Þetta var síð um kveld, er þeir lögðu undir skerinn, þar sem kastalinn var uppi á. Þorsteinn bað þá hljóða vera, ok tjalda yfir sér; hann bað ok menn sína nökkura fara um þvert skerit, ok vita, ef þeir sæi tíðendi nökkur. Enn er þeir kómu upp á skerit, sá þeir, hvar drekahöfuð kom upp, ok var sem á gull sæi. Þar töldu þeir tólf skip hjá drekanum, ok var tjaldat yfir svörtu; ljós var undir tjöldum; þar sátu menn við drykkju. Síðan fóru þeir aftur, ok létu ekki verða vart við sik. Sögðu þeir Þorsteini, hvat þeir höfðu sét. Hann kvað hafast skyldu í starfi — „í nótt skulu vér færa varnað várn af skipum ok grafa niðr, enn flytja út grjót í staðinn, því at ek ann þeim einskis eyris at njóta, ok skulu vér þegar leggja at þeim, er vígljóst er“.

5. At morni, þegar er vígljóst var, lét Þorsteinn greiða atróðr; kvaðst vilja tala við víkinga, ok er þeir kómu, sá þeir, at maðr stóð við siglu á drekanum, ok gekk út á bordit; sá var í raudum skarlatskyrtli, ok heklu blá

yfir sér, blaðbúna húfu á höfði. Sá kallaði ok spurði, hvern þar gerði svá gildan atróðr. Þorsteinn segir til sín — „eða hvern spyrst at?“. „Sá heitir Ljótr“, segir hann. „Þat er vel“, segir Þorsteinn, „at vit höfum hér fundizt, því at at þér hefi ek lengi leitast“. Ljótr mælti: „Hvat hefir þú mér þá hugast? Hefi ek þik eigi sét fyrr, enn heyrst hefi ek þín getit“. Þorsteinn segir: „Skjót eru erindi við þik; ek vil leggja við þik félag“. „Hversu er félagsgerð sú?“ segir Ljótr. „Skjótr kostur er af minni hendi“, segir Þorsteinn; „þú skalt ganga á land upp, ok hafa vápn þín ok klæði, enn menn þínir í skyrtu ok linbrókum“. Ljótr mælti: „Ójöfn félagsgerð lízt mér þetta, eða hvern er annarr kostur?“. „Sá er annarr“, segir Þorsteinn, „at vit skulum berjast“. „Hvers er liðs kostur?“ segir Ljótr. „Sá er ek hefi“, segir Þorsteinn, „þessi tíu skip“. Þá brosti Ljótr ok mælti: „Ójafnt þykki mér þetta, ok vil ek miklu heldr eiga bardaga við þik, enn láta fé mitt svá skammsamlega“. „Þá leggi fram skip öll“, segir Þorsteinn, „móti mínum skipum“. Ljótr segir: „Eigi unni ek við þann kost, at láta fleiri skip til, enn þú, því at þat hefi ek aldri fyrr gert, heldr hefi ek jafnan haft færi skip, ok haft þó sigr“. Þorsteinn segir: „Eigi mun ek þó fleiri fram leggja, enn jafnmörg, enn ef þú vill berjast við liðsmun, þá mun ek

láta til annat, þá er annat er hroðit, meðan til er“. „Svá skal vera“, segir Þorsteinn. Brugðu þeir nú af sér tjöldum og leggja saman skipum sínum, tíu hvárir. Tóku þeir til bardaga. Gekk fyrst grjóthrið mikil af skipum Þorsteins, enn hverr steinn, sem Þorsteinn sendi, gekk annathvært í gegnum skipin, eða hafði mann fyrir. Börðust þeir nú þann dag allan, enn frá lyktum er þat at segja, at þá váru hroðin öll skip Ljóts, enn fim váru hroðin af Þorsteini, ok margir mjök sárir, enn sumir drepnir; váru þá sett grið í millum þeirra til morgins. Ljótr bað Þorstein brott færa öll þau skip, sem hann hafði unnit af honum um daginn — „ok ertu svá frækn maðr, at engi hefir mér svá á bug ekit sem þú, ok engi mun þér þetta til ámælis leggja“. Þorsteinn segir: „Eftir munu þó gripir góðir á drekanum, ok ætla ek mér annathvært, at eignast alt eða liggja hér eftir“. Ljótr mælti: „Dulinn ertu at þér, at þú hyggst at vinna drekan með fim skipum, þar sem mér þætti mitt vænna, þó at þú legðir at með tíu skipum, ok fýsi ek þik frá at leggja“. Þorsteinn segir: „Sé ek nú, at þú þorir eigi að berjast við mik, ok far þú leið þína, ok ber niðingsorð, hvar sem þú ferr“. Ljótr segir „Verra kýss þú, enn þú átt kosti, enda skaltu þat hafa, at þú liggir hér eftir, áðr annat kveld komi, ef ek má ráða“. — Fór Þorsteinn nú til

lands með skip sín, tjalda yfir sér ok bundu sár sín, ok gengu síðan til borðs. Þá mælti Þorsteinn: Eigi megu vér í kyrðum sitja í nátt, ef vér skulum geta unnit drekann á morgin. Skulu vér leggja at ey þessarri, sem hér er nær oss. Hon er skógi vaxin; vér skulum höggva stór tré, ok fella á annat borð drekanum, ok get ek at hann hallist við, ok mætti þá verða, at vér kæmimst upp'á drekann“. Ok nú gera þeir svá, höggva viðuna um nóttina, og at morni, er ljóst var, leggja þeir at drekanum, ok veita harða atsókn; ok er þeir höfðu felt viðuna á drekann, hallaðist hann eftir, enn þeir á drekanum skutu á skjaldborg. Nú fór sem Þorsteinn gat til, at þeir gengu á þat borð, sem sóknarinnar var at ván, ok viðirnir fellu á; laut þá skipit eftir; var nú eigi of hátt at vega upp á drekann. Þat er sagt, at Þorsteinn komst fyrst upp á drekann ok Þórólfr bróðir hans. Tókst nú harðr bardagi af hvarumtveggjum. Kastaði þá Þorsteinn öxi sinni, ok þótti hon of seinfeng at vega með, enn liðsmunr mikill; greip hann þá ásstubba einn ok bardist með. Þórólfr bróðir hans gekk fram á aðra hönd honum ok hlífði þeim báðum, því at Þorsteinn sá fyrir öngu öðru, enn drepa hvat þat er fyrir varð. Þeir börðust alt til kvelds. Var Þorsteinn þá kominn aftr at lyftingu. Ljótr sér nú, hvar komit var, ok fleygir frá sér

sverðinu til þeira bræðra, enn ætlar at steypa sér útbyrðis, því at hann sá þá eigi undanbragð annat, enn Þorsteinn lýstr hann niðr við skipsborðit með ásstubbanum svá hart, at höfuð ok herðar fellu útbyrðis, enn fótahlutrinn inn í skipit. Var þá svá myrkt af nótt, at hvárki mátti ryðja skipit blóði né búkum. Þá svipaðist Þorsteinn um, ok sá ekki fleiri uppi standa af liði sínu, enn tólf menn. Eftir þat reru þeir til lands, ok ætluðu þeir til herbúða sína, enn er þeir váru skamt frá ströndu komnir, þá tók Þórólfr til orða: „Nú mun ek gera lykkju á leiðinni; nenni ek ekki at ganga lengra“. „Ertu sárr bróðir“, segir Þorsteinn. „Ekki dyl ek þess“, segir Þórólfr, „því at þá er Ljótr kastaði sverðinu, stefndi hann á þik meir, ok brá ek við skildinum, ok var ek þá berr fyrir, ok bar sverðit at kviðnum fyrir neðan bringspölu, ok hljóp á hol, svá at út fellu iðrin; sveipaði ek þá at mér klæðunum, ok svá hefi ek gengit síðan; mun nú ok lokit minni göngu“. Þorsteinn mælti: „Þá hefir farit, sem ek gat, at annarrhvárr okkarr myndi eigi aftr koma, ok vilda ek hafa gefit til mikit, at vit hefðim för þessa aldri farit“. Þórólfr segir: „Ekki má nú sakast um þat, fyrir því at engi kemst fyrir sitt skapadægr, ok þykkir mér betra at deyja með góðan orðstír, enn lifa við þá skömm, at hafa ekki þorat at fylgja þér, enn þó vil ek

biðja þik bænar, ef þú vildir veita, ok kennir þat metnaðar“. „Hvat er þat frændi“? segir Þorsteinn. Þórólfr mælti: „Þat mun ek segja þér. Mér þykkir nafn mitt eigi til lengi hafa uppi verit, ok mun þat falla niðr, svá sem sina, ok mun mín at öngu getit, þá er þú ert liðinn, enn ek sé, at þú munt auka ætt vára ok lifa langan aldr, ok muntu verða enn mesti heillamaðr. Vilda ek, ef þér yrði sonar auðit, at þú létir Þórólfr heita, enn allar þær heillir, sem ek hefi haft, vil ek honum gefa; þá vænti ek, at mitt nafn muni uppi, meðan heimrinn er byggðr“. Þorsteinn segir: „Þetta vil ek veita þér gjarna, því at ek vænti, at þat sé vár sæmd, ok góð heill mun fylgja nafni þínu, meðan í ætt várri er“. Þórólfr mælti: „Nú þykkist ek hafa beðit þess, er mér þykkir á liggja“.

6. Eftir svá talat andaðist Þórólfr. Binda þeir nú sár sín ok sofa af um nóttina. Enn um morgininn fóru þeir til drekans, ok ruddu hann búkum ok blóði, enn fluttu Þórólfr heim í kastalann. Váru þar viku ok græddu sár sín. Þeir gerðu kistu at líki Þórólfs; kvað Þorsteinn hann þar eigi jarða skyldu. Þá er þeir þóttust færir, tóku þeir eina róðrarskútu; tók hann af fé þat, er honum þótti bezt. Héldu síðan til Svíþjóðar ok höfðu lík Þórólfs með sér, enn allr þorri fjárens var eftir í kastalanum. Þeir kómu þar við land í Svíþjóð, er jarl

einn réð fyrir, sá er Herröðr hét; hann var skamt á land upp. Þorsteinn gekk á land upp ok til hallar jarls með ellifu menn, ok kom þar at dagverðar drykkju. Dyraverðir sögðu þat öngvan vana, at ókunnir menn gengi þar inn með vápnum í drykkjustofu jarls. Þorsteinn kvaðst ekki um þat hirða, — „ok högg ek þar hvern sem kominn er, ef þér farið ekki frá“. Þeir fóru skjótt frá dyrunum, því at þeim sýndist maðrinn ógurlegr, ok þorðu eigi fyrir at standa. Gekk Þorsteinn inn með alvæpni fyrir jarlinn ok þeir ellifu saman. Þorsteinn kvaddi jarl. Hann tók vel kveðju hans ok frétti, hvern hann væri. Hann kvaðst Þorsteinn heita, ok vera Þorgnýs son, norðan ór Naumudölum. Jarl segir: „Heyrt hefi ek þín getit, at þú sért ágætr maðr, og mun tíðendum gegna um þínar ferðir ok gakk til sætis ok drykkju, ok drekkum báðir saman í dag, ok seg mér tíðendi, ok sit gegnt mér í öndvegi“. Þorsteinn gerir nú svá, ok drekka nú um hrið. Jarl spurði, hvar Þorsteinn hefði herjat um sumarit. Hann segir: „Ek hefi ekki víða herjat í sumar, enn við Ljót enn bleika hefi ek nú barizt fyrir skemstu, ok látit fyrir honum alla menn mína, nema þessa ellifu, ok þar með Þórólf bróður minn, er ek mun aldri bætr biða“. „Sliks var ván“, segir jarl, „ok er þat gæfa mikil, er þú komst undan heill,

því at öngvan veit ek þann verit hafa annan enn þik“. Þorsteinn segir: „Ek bið at þér ljáið mér höll yðra ok mínum mönnum. Vil ek drekka erfi eftir bróður minn, ok heygja hann hér með yðru lofi. Skal ek kosta fé til, svá at yðr skaði ekki“. Jarl kvaðst þat gjarna veita, — „fyrir því at ek hygg mína höll eigi betr skipaða, enn þó at þú skipir eða þínir menn“.

7. Nú tekr Þorsteinn til haugsgerðar ok hans menn. Gekk þat vel. Var Þórólfr í haug lagðr ok nökkut fé honum til sæmdar. Síðan bjó Þorsteinn veizlu ok bauð til jarli ok mörgum öðrum dýrum mönnum. Sátu menn at henni þrjár nætr, sem siðr var til. Leysti Þorsteinn menn á brott með góðum gjöfum, ok aflaði sér svá vinsælda. Jarl spurði nú Þorstein, hvat hann ætlaði ráða sinna, — „því at nú er mjök sumar liðit, enn þú átt farveg langan“. Þorsteinn segir svá vera, — „ok veit ek eigi, hvers ek á kost“. — Jarl segir: „Til reiðu er hér vetrvist, ef þér vilit, ok kann ek yðr þó þökk fyrir“. Þorsteinn segir: „Þetta er vel boðit, herra, ok skal gjarna þiggja“. — Er Þorsteinn þar of vetrinn, ok menn hans, í góðu yfirlæti. Virðir jarl hann fram yfir hvern mann, ok svá gerðu aðrir eftir.

Nú leið at jólum, ok gerðist skipan á lund þeira; þar hafði verit glaumur ok gleði mikil,

enn nú tókst þat af, ok gerðist hljóðlát í höllinni, og var þat af því, at jarl gerði svá fyrir. Þat var einn dag, at Þorsteinn spurði hirðmann einn um ógleði manna, hvat til kæmi. Hirðmaðrinn segir: „Várkunn mun þér þykkja á vera, þá er þú veizt, enn þó þykki mér þú heraðsdaufr maðr, er þú veizt eigi hvat við berr“. „Ekki hefi ek at því hugat“, segir Þorsteinn, „enn stórtíðendum þætti mér eiga at gegna, er tígnir menn láta sér svá mikils fá“. Hirðmaðr segir: „Gesta eigu vér ván at jólum, þeim sem oss er mikil óþurft í“. „Hverir eru þeir?“ segir Þorsteinn. Hirðmaðr segir: „Maðr heitir Moldi; hann er vikingr eða berserkr; þeir eru tólf saman, ok hafa komit hér tvisvar áðr. Molda bíta eigi járn; þeir vaða eld ok bíta í skjaldarrendr“. Þorsteinn mælti: „Hverja kosti gera þeir jarli“? Hirðmaðr segir: „Moldi vill mæla til mægða við jarl, enn til samfara við dóttur hans Ingibjörgu; ella býðr hann honum á hólm þrem nóttum eftir jól, enn nú skal ráðast, hvat jarl vill; myndi hann skjótt kjósa, ef hann væri ungr maðr, enn nú er hann ór bardögum fyrir aldrs sakar“. Þorsteinn mælti: „Engi várkunn þykki mér, at honum fái þetta svá mikils“. Þessu var svá snúit, at Þorsteinn hefði boðizt til at ganga á hólm fyrir jarl. Litlu síðar fundust þeir jarl ok Þorsteinn, ok spyr jarl, hvárt þat gegni nökkurn, at hann

hefði boðizt til at leysa hann undan, ok ganga á hólum við Molda. Þorsteinn segir: „Við því geng ek eigi, enn þat sagða ek, at mér þætti líklegt, at maðr myndi til verða, at leysa þik undan hólmgöngu, ef þú leggur nökkur gæði við hann“. „Þat hefi ek talat“, segir jarl, „at þeim manni mynda ek gifta dóttur mína, er þenna mann gæti af ráðit“. Þorsteinn sagði: „Ekki spurða ek þessa af því, at ek ætla mér þetta, heldr at ek veit fleiri munu til verða, svá sem fleiri vitu“. Hættu þeir nú þessu tali, ok líðr at jólum. Gladdist jarl nú heldr við orð Þorsteins. Lét jarl búast við veizlu fjölmennri, ok bauð þangat frændum sínum ok vinum, ok öllum hinum beztum mönnum í hans ríki. Atfangadag jóla drífa flokkarnir at bænum. Jarl lét autt tólf manna rúm utar frá öndvegi. Var nú mikil gleði í höllinni. Enn þá er eldarnir váru sem bjartastir, var jarli sagt, at Moldi reið at höllinni ok menn hans. Enn er þeir kómu, stigu þeir af baki; gengu síðan inn í höllina tólf saman, ok óðu þegar eldana, ok bitu í skjaldarrendr. Moldi gekk fyrir jarl ok kvaddi hann vel. Jarl tók kveðju hans, ok bað hann ganga til sætis. Hann kvaðst ekki mundu þiggja veizlu af honum, — „ok er mér samt í hug við þik sem fyrr“. Jarl mælti: „Ek mun nú ok segja þér, at ek vil þú drekkir með oss um jólin, enn ek leita við menn mína, hvárt

nökkurr vill mik undan leysa þessu vandkvæði“. Moldi segir: „Ek vil at þú leyfir mér at ganga um höllina, ok spyrja, hvárt nökkurr telst mér jafnsnjallr, ok er þat mikil gleði at skemta sér með því, enn eigi mun ek þat til þín tala, jarl, því at eigi vil ek þat til þín mæla, at þér þykki metnaðar skarð í vera“. Jarl kvaðst eigi mundu banna honum þat, at mæla slíkt er hann vildi ok honum þætti gaman at. Síðan gengr hann utar frá öndvegi fyrir hvern mann, ok spurði hvárt nökkurr teldist honum jafnsnjallr, þar til er hann kom fyrir öndvegismann. Sá lét dragast fætr af stokki, ok hafði breiddan feld yfir höfuð sér. Moldi spyr, hver sá hrottinn væri, er þar sæti eigi upp, sem aðrir menn, í öndvegi. Þorsteinn kvað þat engu skifta. Moldi segir: „Þú ert drjúglátr, eðr telst þú jafnsnjallr mér“. „Eigi nenni ek því“, segir Þorsteinn, „at teljast jafnsnjallr þér, því at ek kalla þik þess kvikindis læti hafa, sem gengr á fjörum fótum, ok vér köllum meri“. Moldi segir: „Þá skora ek þik á hólmi þrem nóttum eftir jól“. Þorsteinn segir: „At heldr eftir jól, at mér þykkir því betr, sem vit berjumst fyrr, ok þó at þú vilir þegar í stað“. Moldi segir: „Ekki vil ek spilla goðahelginni, ok er mér eigi ótt um þetta“. Síðan gekk hann á brott ok þeir allir ór höllinni, ok stigu á hesta sína, ok varð fátt um kveðjur.

8. Nú sem Moldi var á brott, þakka allir

2\*

Þorsteini, er hann tókst þessa hólmgöngu á hendr, ok urðu menn fegnir; drukku nú glaðir ok kátir um jólin. Eftir jól fjölmenti jarl mjök til hólmstefnunnar, ok kómu þeir Þorsteinn fyrri til hólmsins ok settust niðr á völlinn. Þá spyrr jarl Þorstein, hvar sverð þat væri, er hann ætlaði at berjast með. Þorsteinn brá sverði undan skikkju sinni ok sýndi jarli ok mælti: „Hér er sverð þat, er ek mun hafa“. Jarl brá sverðinu, leit á ok mælti: „Hversu komst þú at sverði Ljóts hins bleika“? Þorsteinn segir: „Hann gaf mér þat á deyjanda degi með öðru góðsi sínu“. Jarl mælti: „Segir þú mér hann dauðan? „Dó hann um sinn“, sagði Þorsteinn. Jarl mælti: „Þessa varði mik eigi, ok seg mér hversu fóru með ykk skiftin“. Þorsteinn segir sem farit hafði. „Mikill frægðarmaðr ertu, Þorsteinn“, segir jarl, „enn sverð þetta dugir þér eigi við Molda; mun ek sýna þér, hvat þat dugir“. Tók hann í blóðrefilinn, ok dró svá at oddrinn lá í hjöltunum; lét síðan hlaupa aftr; var þá ór staðrinn. Jarl mælti þá: „Hér er sverð, Þorsteinn, er ek vil gefa þér; þetta skaltu bera í móti Molda, ok taka eigi fyrr upp, enn þú ert búinn at höggva, enn haf hitt til sýnis, er þú berr áðr“. Þorsteinn tók við sverðinu ok brá, og sýndist ryðfrakki einn vera. Jarl bað hann fá sér; hann gerði svá; laust jarl niðr hjöltunum á stein, ok fell af ryð alt;

var þá hjart sverðit sem silfr. „Þetta sverð mun bíta Molda“, segir jarl, „enn hann deyfir hvert vörn, er hann sér. Því skaltu gæta, at eigi verði hann varr við fyrr, enn þú höggr til hans“. Þorsteinn tók við sverðinu.

9. Moldi ríðr nú at með flokk sinn ok mælti, er hann sá, at Þorsteinn var fyrr kominn: „Eigi hefir svá tekizt fyrr, at ek hafa orðit seinni á þetta leikmót enn aðrir, heldr hefir hitt verit, at ek hefi orðit nökkurum mun skjótari“. „Því seinna skaltu á brott komast, sem þú komt síðar“, segir Þorsteinn, ok sprettr upp við þat. Jarl bauðst að halda skildi fyrir honum, enn Þorsteinn kvað, at engi maðr skyldi sik í hættu hafa fyrir hann, — „ok mun ek sjálfr bera skjöld minn“. Gengu þeir þar til, er þeir skyldu berjast, ok kvaðst Moldi mundu segja upp hólmgöngulög, — „því at ek hefi á þik skorat. Sínum feldi skal hvárr okkarr kasta undir fætr sér; skal hvárr standa á sínum feldi, ok hoga eigi um þveran fingr, enn sá sem hoga beri níðings nafn; sá sem fram gengr skal heita vaskr maðr, hvar sem hann ferr. Þrem mörkum silfrs skal sik af hólmi leysa, sá er sárr verðr eða óvigr“. Þorsteinn mælti: „Þó at þar liggi við sex merkr heldr enn þrjár, þá þykki mér því betr, sem ek tek meira“. „Ekki er þér því heitit“, segir Moldi, „fyrir því, at ek hefi þat oftár átt at taka enn

gjalda“. „Eigi mun nú þó svo, segir Þorsteinn. Nú kasta þeir feldum undir fætr sér, ok ganga þar á. „Þat er vandi várr“, segir Moldi, „at þrjá skjöldu skal taka hvárr ok hlifa sér með, ef högnir verða, eða hversu er sverð þat, er þú ætlar at veða með“? Þorsteinn seldi honum sverðit, enn hann tók við ok brá því. Hann mælti: „Hversu komst þú at sverði Ljóts hins bleika bróður míns“? Þorsteinn svarar: „Ljótr sendi þér kveðju sína á deyjanda degi ok þat með, at honum þótti þú líkastr til at hefna sín“. Moldi mælti: „Segir þú mér líflát Ljóts bróður míns, ok þat, at þú hafir orðit hans skaðamaðr“? „Ekki má þess dylja“, segir Þorsteinn, „ok muntu nú vilja hefna hans ok fresta ekki lengr“. Moldi segir: „Mér þykkir mikill skaði, at drepa svá vaskan mann“. Þorsteinn mælti: „Þat er þó satt at segja, at eigi má geta til; þat var sagt, at þú kynnir eigi at hræðast, hver ógn sem þér væri boðin; nú skil ek, at þú vill bera bleyðiorð fyrir mér, hvar sem þú ferr“. „Eigi skaltu þat segja“, segir Moldi, „ok högg nú þegar, því at mér er ant at drepa þik, síðan er þú vill eigi annat enn deyja“. Þorsteinn hjó til hans með sverði ok klauf skjöld hans allan niðr í mundriða. Moldi hjó í mót til Þorsteins ok klauf skjöld hans; [ok gekk svá lengi dags, at eigi sá fyrir, hvers hlutr lægri yrði, enn þó um

siðir varð sá endir á þeirra einvígi, at Moldi fell með engum góðum orðstír, enn Þorsteinn gekk til hallar ok þakkar jarl honum þenna sigr með mörgum fögrum orðum, ok virði hann nú miklu framar enn áðr, og var Þorsteinn þar um hríð í miklu eftirlæti hjá jarli].

10. Einn tíma var þat, at þeir váru á tali tveir, jarl ok Þorsteinn, og spurði jarl, hver laun hann vildi hafa fyrir þat mikla þrekvirki, er hann hafði unnit, — „ok er oss orðin mikil sæmd at þér með öllu“. Þorsteinn segir: „Þat viljum vér af yðr þiggja, sem þér vilið fram láta, enn varla er ván, at vér fáum þat, sem hugrinn til stendr fyrir mannvirðingar sakar“. Jarl mælti: „Raunmjök er undir þér, hvers þú beiðist, því at þat skal til reiðu af mér, sem þú beiðir“. Þorsteinn segir: „Auðkveðin eru þá launin, ef ek skal ráða; þat er Ingibjörg dóttir yðar, með þvílíkri heimanfylgju, sem henni sómir ok yðr úti at láta“. Jarl segir: „Fyrir löngu vissu ek þat, ok hefir lengr frestast, enn ek hugða. Skal ek alt efna við þik, sem ek hefi heitit, enn þó vil ek nökkut mæla mínu máli þar um sem þínu. Mun ek auka þína sæmd í því, at þú ráðir ríki þessu eftir minn dag ok komir aldri til Noregs“. Þorsteinn segir: „Því vil ek heita, at vera hér þrjá vetr, enn eftir þat vil ek kjósa, hvárt ek vil hafa jarldóm, því at þá mun ek sjá, hvárt

ek muni þykkjast mega halda ríkit eða eigi“. „Vitrlega er körit“, segir jarl, „ok mun ek því samþykkjast, ef Ingibjörg vill sem ek“. Þorsteinn kvaðst eigi mundu bekkjast til þess, ef henni væri eigi ljúft. Þeir gengu nú til tals við hana, ok segja henni sína ætlan, ok spurðu, hversu henni væri um gefit, enn hon bað föður sinn ráða, kvað sér þat vel mundu gegna. Var þetta nú at ráði gert, og var búin til sæmleg veizla, ok mörgum mönnum til boðit. Sátu menn at henni, til þess at lokit var. Leiddi Þorsteinn menn á brott með góðum gjöfum, ok varð hann af því víðfrægr ok vinsæll. Nú sitr Þorsteinn þar of vetrinn, ok gátu þau sér barn þegar er þat mátti verða, ok sem at þeiri stundu kom, sem hon skyldi léttari verða, ól hon sveinbarn; hann var vatni ausinn ok kalladr Þórólfr. Þar óx hann upp, og var allbráðgerr ok líkr hinum fyrra Þórólfi.

Enn er Þorsteinn hafði þar verit þrjá vetr, segir hann jarli: „Nú hefi ek hér verit alla þá stund, sem ek hefi heitit, ok mér er hugr á“. Jarl segir: „Ekki megu vér halda á þér, ef þú vill á brott fara, ok far þú í friði, hvárt er þú vill“. Lét jarl þá búa skip með þeim farmi, er Þorsteinn hafa vildi til Noregs, ok leiddi dóttur sína út með sæmdum miklum. Þorsteinn mælti: „Þess beiði ek yðr herra, ef svá kann við at bera, at yðar missi við, at

minir erfingjar, af dóttur yðvarri til komnir, taki land ok lausa aura eftir yðr, ef ek sendi þá til“. Jarl segir at svá skuli vera sem hann vildi at væri. [Eftir þat bjóst Þorsteinn til brottferðar, og fylgdi jarl honum til strandar. Hann mælti þá við Þorstein: „Svá kveð ek at orði, at þú hafir hér mestr maðr komit á Gautland, síðan ek til vissa. Get ek, at vit munim eigi oftast sjást, ok er þat mikill harmr at missa þín af ættjörðu várri, enn allstaðar muntu mesti maðr þykkja, hvar sem þú ferr, ok uppi mun nafn þitt, meðan heimr er byggð; ok far þú heill ok vel“. Eftir þat skildu þeir, ok helt Þorsteinn skipi sínu norðr til Noregs, ok kom at hausti í Naumudal. Og sem Þorgnýr vissi komu sonar síns, fór hann á móti honum, ok varð þar hinn mesti fagnaðarfundr. Bauð Þorgnýr syni sínum heim með konu hans ok alla fylgdarmenn. Var þar ger hin bezta veizla, ok at henni var mest til skemtunar haft, at Þorsteinn sagði frá ferðum sínum ok hreystiverkum; mátti þar heyra mörg afreksverk hans. Þorgnýr frétti mjök at um Þórólf son sinn, hversu hann hefði varizt mót Ljóti, enn Þorsteinn sagði alt sem farit hafði: „Þótti mér sem ek mynda verða yfirbugaðr af Ljóti“, segir vann, „þá hann hafði felda alla menn mína utan tólf, enn ek var sárr ok hlífarlauss fyrir honum“. Þorgnýr mælti: „Mjök var þá

sem ek gat til, at þú mundir fá þik fullreyndan fyrir Ljóti bleika, ok hefir mjök at sorfit fyrir ykkur báðum; mun ek nú auka við nafn þitt sem siðr er til við stórmenni, ok mun ek kalla þik Þorstein svörfuð, ok gefa þér at nafnfesti bæ þenna ok bú, ok þar með umráð þau, er ek hefi haft yfir Naumudölum; er ek nú mjök at elli kominn ok eigi fær til umsýslu, enn þú virðist mér vel til þess fallinn fyrir hvervetna sakir“. Þorsteinn þakkar föður sínum með mörgum fögrum orðum, ok var með honum um vetrinn. Enn at vári komanda tók hann við búi ok umsýslu, ok gerðist brátt vinsæll ok góðr forstjóri. Hann átti annan son við konu sinni, enn Þórólf, ok var sá nefndr Karl; ok sem hann eltist, gaf faðir hans honum auknafn, ok kallaði hann Karl hinn rauða; dóttur áttu þau er Goðrún hét eða Þórarna. Öll váru börn þeira efnileg.

11. Tveim vetrum síðar enn Þorsteinn tók við búi, tók Þorgnýr sótt ok andast. Þorsteinn lét efla haug ok lagði þar í föður sinn ok mikit fé handa honum. Síðan drakk hann erfi eftir föður sinn ok bauð til mörgu stórmenni. Ok at henni liðinni leysti hann alla menn út með gjöfum, því at hann var hinn mesti rausnarmaðr; átti hann ok gnótt fjár, síðan er hann feldi Ljót hinn bleika ok eignaðist alt hans góðs. Þar eftir bjó Þorsteinn nökkur ár at föðurleifð

sinni, ok óx æ meir ok meir virðing hans. Enn er hann hafði lengi búit, þá tók Ingibjörg, kona Þorsteins, þunga sótt, ok lá eigi lengi áðr hon andaðist. Þótti Þorsteini þat hinn mesti skaði, sem ván var at. Lét hann leggja hana í haug hjá föður sínum. Harmaði Þorsteinn hana mjök ok bar þar eigi yndi síðan, ok fýstist brott þaðan fyrir þessa skuld. Höfðu þá margir tignir menn í Noregi flúit óðul sín undan ofriki Haralds konungs hárfagra, ok fóru sumir vestr um haf til Hetlands ok Orkneyja, ok bygðu þar, enn margir fóru til Íslands ok tók þat nú at verða mjök albygt. Ok fyrir því (at) Þorsteinn þóttist eigi verða varhluta skulda lúkningar ok hlýðni af Haraldi konungi, þess ok annars, at hann undi eigi eftir dauða konu sinnar, þá bjó hann skip til Íslandsferðar. Börn hans váru þá fullproskuð. Réðst Karl enn rauði til ferðar með föður sínum, enn menn segja hann sendi Þórólf son sinn til Gautlands, ok at hann hafi tekit þar ríki eftir dauða Herjóðs móðurföður síns ok aukit þar kyn sitt. Ljótr enn bleiki hafði áttan son þann er Hafþórr (snækollr) hét; hann var vikingr. Ok er Þorsteinn svörfuðr var búinn til Íslandsferðar ok var at ráðstafa eignum sínum, kom hann til bæjar Þorsteins, ok hertók þaðan Þórögnu dóttur hans, ok rændi fé miklu. Enn er Þorsteinn kom heim, þá vissi hann eigi, hvert

Snækollr hefði haldit, ok varð eigi af neinni eftirför. Helt Snækollr síðan við Þórörnu ok átti með henni tvau börn; verðr frá þeim sagt síðar í sögunni. Þorsteinn lét í haf eftir þetta, byrjaði honum seint ok bar norðr fyrir Ísland, ok tóku land vestanvert við Eyjafjörð ok réðu skipi sínu til hlunns.

12. Helgi hinn magri, son Eyvindar austmanns Bjarnarsonar, Hrólfssonar frá Ánu, bjó þá at Kristnesi í Eyjafirði. Hann var höfðingi yfir öllu því heraði ok mikils virðr. Hann hafði komit út hingat vestan um haf; var hann upp alinn í Suðreyjum ok síðan á Írlandi af móður-föður sínum Kjarvali, Íra konungi; enn þá (er) hann var í Suðreyjum at fóstri, var hann sveltr ok sá eigi á honum hold; ok sem faðir hans ok móðir kómu þar, kölluðu þau hann Helga hinn magra. Helgi var þrimsigndr ok trúði á Krist, ok kendi við hann bæ sinn, enn þó hét hann á Þór til allra stórræða. Hann átti tvá sonu, Hrólfr ok Ingjald, ok eina dóttur er hét Ingunn. Hana átti Hámundr heljarskiinn. Enn er Helgi frá útkvámu Þorsteins reið hann til skips með marga menn ok bauð Þorsteini til sín; var þá mjök komit at vetri. Þorsteinn tók þessu boði með þökkum, ok fór heim til Helga, ok váru þeir Þorsteinn ok Karl með honum um vetrinn í góðu yfirlæti; enn hásetar vistuðust þar nærri um fjörðinn.

13. Um v́arit bað Þorsteinn Helga vísa sér bústað. Helgi mælti: „Mjök er nú albyggt um herað ok veit ek eigi annarsstaðar ónumit, enn í dal þeim, er ligr upp í land fyrir utan Hrísey; er þat mikit herað. Enn þar hefir tekit sér bústað Ljótólfr goði, er út kom austr í Sandvík með Hróðgeiri hvíta Hrapssyni frænda sínum“, — svá váru þeir skyldir, at Hróðgeirr var bróðir Álreks föður Ljótólfs, — „ok þat ætlak hann muni vilja helga sér dalinn ok verja hann fyrir búsetu stórmenna.“ „Eigi munum vér at því fara“, segir Þorsteinn. Ok eftir þetta fara þeir Þorsteinn ok Karl með sínum mönnum út til dalsins, ok tóku menn at efna sér til bæja. Bygði Þorsteinn sér þar bæ, sem hann kallaði at Grund, enn Karl enn rauði tók sér bústað at Karlsá. Fór hann síðan landa á milli hvert sumar, enn helt þó ávalt bú. Þetta var þeim meginár, er Ljótólfr átti eigi bygð, enn þat hét at Hofi, er hann bjó; enn honum líkaði stórilla atgerðir þeira Þorsteins ok Karls ok amaðist við þeim, ok gerðist hér af óvin-skapr þeira á millum. Þat var einn tíma, er Þorsteinn hafði farit at sækja varnað sinn, enn Karl son hans ok fylgdarmenn þeira nokkurir váru at skógarhöggvi í dalverpi einu litlu. Váru þá menn gervir af hendi Ljótólfs at ráða at þeim; hét sá Björn digri, er at þeim fór með marga menn; enn þar váru eigi hjá þeim utan

bolaxir þeira], ok höfðu menn engi vörn nema lurka, ok börðust með þeim. Þar váru sumir drepnir, enn sumir lamdir. Þar fellu seytján menn, ok heitir þar Stafshóll síðan, enn dalrinn Deildardalr. Uni helt til liðveizlu þar sem Ljótólfr var, enn þeir bræðr þar sem þeir Karl ok Þorsteinn váru, því at Uni var jamskyldr Ljótólfi sem þeir bræðr Þorsteini, ok er þeira síðar getit í sögunni.

\*

\*

\*

Nú er at segja, hverir til liðs snerust með Þorsteini, Óláfr ór Óláfsfirði, Heðinn ór Heðinsfirði, þeir váru bræðr ok Svarthöfði, sem drukknaði, -- ok heita þar síðan Svarthöfðasteinar, er hann drukknaði, því Siglunes, at þar rak seglit, því Siglufjörðr, at þar rak siglutréit; Heðinn átti son, er Svarthöfði hét; Óláfr átti tvá sonu, Þórð ok Vermund; þessir hnigu allir til liðs við Karl enn rauða, ok margir aðrir göfgir menn.

Sá maðr bjó í dalnum er Höskuldr hét; hann var lögmaðr; *hann bjó á Höskuldsstöðum*; þar váru jafnan þing, ok má nú enn sjá þar merki; hann átti þann son, er Ögmundr hét; þessir hnigu enn til með Þorsteini ok Karli, ok bægðu þeim Ljótólfi, ok leggja undir sik allan dalinn öðrum megin, því at þá var dauðr Bárðr digri, afi Ljótólfs. Þorsteinn fór nú milli fjalls ok fjöru ok lagði undir sik allan dalinn öðrum megin til

fjalls, ok gerir þar kennimark, sem hann kom framast, ok braut þar í sundr kamb sinn, ok kastaði niðr kambsbrotunum, ok lætr eftir silfr í þremr stöðum, hálfu mörk í hverjum stað, ok er sá rimi kallaðr at Kambi; nefnir Þorsteinn sér váttu ok fellir hann með því dalinn sér til vistar, ok gaf af sér nafn ok kallaði Svarfaðdal. — Enn þó at fátt hefði verit með þeim Þorsteini ok Ljótólfi, þá var nú í dátt efni komit, svá at þeir leggja félag með sér Þorsteinn, Ljótólfr, *Hrólfr* nefgilta, Bárðr greipr frá Hrauni ok Þorkell Skeggjason af Skeggjastöðum ok Ögmundr Höskuldsson; þat var félagsgerð þeira, at þeir gera skip ok hafa í ánni ok veiða fyrir hvers manns landi fiska. Þetta var kært fyrir Höskuldi lögmanni, hversu þeir ætluðu at at fara. Hann sagði, at land skyldi taka fjórðung veiðar. Þeir skildu þat eftir, þar sem þeir veiddu, ok sögðu engum til, ok tóku þat hrafnar, ok höfðu menn þá eigi heldr enn áðr, ok þóttust þeir þá gjalda mundu álits, er Höskuldr hafði dæmt. — Þá tóku þeir upp leika í dalnum ok vildu reyna knáleik manna, ok reyndist Karl knástr. — Óx nú sundrþykki í dalnum af nýju.

14. Í þann tíma kom sá maðr í dalinn, er Griss hét, ok fyrr var getit; hann var nýkominn út ok fór hann til vistar með Ljótólfi frænda sínum, ok var þar of vetrinn. Um várit fór hann

til Steindyra ok setti þar bú saman, ok hafði mjög skipazt um bygðir síðan, meðan hann hafði á brottu verit. Urðu flestir at leita til vináttu þar sem váru aðrir hvárir, Þorsteinn eða Ljótólfr. Nú leitar Gríss þar til, sem Þorsteinn er, enn hann tekur honum ekki fljótt, enn segir þó, ef Gríss kynni hóf sitt, at hann myndi eigi amast við honum, — „enn þó er mér lítit um bygð frænda Ljótólfs þessum meg-in ár“.

[Þá bjó Ásgeirr rauðfeldr á Brekku. Þórhildr hét kona hans, dóttir skinna-Bjarnar, Skút-aðar-Skeggjasonar; hún var systir Miðfjarðar-Skeggja.] Gríss var vel til Ásgeirs rauðfelds. Ásgeirr hafði selför þat sumar *uppi í Vatnsdal*; hafði kona hans þar umsýslu bús ok smalaferðir. Sá atburður varð, at hon varð léttari í smalaferðinni, ok fæddi sveina tvá í Vatnsdalshólum, þeim er Víðihólar heita. Heim kom hon at kveldi með sveinana ok tók Ingveldr dóttir hennar við þeim, ok vann sveinunum beina, ok fann, at öðrum blæddi; hafði þar komit við króklykill, er hon hafði haft á sér; þat varð henni á munn, er hon sá þetta: „Sjá ben markar spjóti spor“. Þessir sveinar vaxa þar upp; hét sá Þorleifr, er benina hafði fengit, enn hinn hét Óláfr.

Eftir þetta fór Gríss af landi brott, ok var um vetrinn í Þrándheimi. Enn eftir um várit

bjó hann skip sitt til Íslands, og gekk honum eigi lengra enn út til Niðaróss, ok lá þar um stund. Kona kom til fundar við Grís ok hafði tvau börn meðferðar, ok bað, at hann myndi flytja börnin til Íslands. „Hvat eigu þau þangat?“ segir hann. Hon kvað móðurföður barnanna í því heraði, sem hann átti bú — „ok heitir Þorsteinn svörfuðr“. „Hvat heitir þú?“ segir Gríss. Hon kvaðst Þórarna heita. „Eigi mun ek þat gera vitnalaust“, segir Gríss. Hon vatt þá undan yfirhöfn sinni kefli ok seldi honum; váru þar á mörg þau orð, sem kend váru Þorsteini svörfuð. „Frekr mun þér ek þykja til fjár“, segir Gríss. „Mæl slíkt er þú vill“, segir hon. „Fjögur hundruð silfurs af allgóðu silfri“, segir hann, „ok skaltu þó sjálf fylgja börnunum“. Hon mælti: „Þess er ekki at leita, at ek fylgja þeim, enn greiða mun ek fé þat, sem þú beiðir“. — Þá segir hon honum nöfn barnanna, ok hét sveinninn Klaufi, enn mærin Sigríðr. Gríss mælti: „Hví ertu svá dáleg orðin af svá góðum ættum?“ Hon segir: „Ek var hertekin af Snækolli Ljótssyni ok hann á börn þessi við mér; síðan rak hann mik frá sér nauðga“. Nú gaf Grísi byr, er hann hafði börn þessi í skip tekit, ok sigldi til Íslands í sama ós, sem hann var vanr; ok sem hann var landfastr, færði hann af hendi bæði börnin, svá at engi vissi fyrir hans kvámu. Á því

kveldi kom hann á Grund til Þorsteins, ok tók hann vel við honum, ok kom þat mest til, at Karl son hans hafði utan farit á því misseri, er Gríss hafði utan verit, ok vildi hann spyrja af ferðum hans. Gríss var fár heldr. Þorsteinn spyr, hvárt hann hefði þyngd nökkura. Gríss segir eigi örvænt, at honum þætti nökkut at um tiltekjur hans, — „því at ek hefi flutt hingat dótturbörn þín tvau“. „Hversu má þat vera?“ segir Þorsteinn, „ok geng ek eigi við frændsemi þeira vitnalaust“. Gríss sýnir honum keflit, ok kennir Þorsteinn þar orð sín, þó at langt hafi verit síðan — „lítit mun ek at þessu gera kveldlangt, enn ganga mun ek við frændsemi barna þessara“. Um morgininn, er þeir sátu undir borðum, bað Þorsteinn færa sér börnin, ok gerði hann meyjunni þann þykk, at hon grét þegar, enn sveininn lék hann miklu harðara ok þagði hann. Gríss mælti: „Nú þykki mér, sem þú hafir gengit við frændsemi barnanna“. Þorsteinn mælti: „Þér ætla ek börnin at annast ok fulla fúlgu með; ek mun láta fylgja meyjunni tuttugu hundruð, enn sveininum fjóra tigu hundraða“. Gríss mælti: „Hví gerir þú svo mikinn mun barnanna?“ Þorsteinn segir: „Kjós við þik, ok annast hvárt er þú vill“. Þá steypti Þorsteinn silfri ór sjóði, enn Gríss taldi fjóra tigu hundraða. Þorsteinn lýsir kaupi með þeim undir vátta, ok bað Gríss

ábyrgjast fyrir Klaufa orð ok verk. Gríss kvaðst vilja þrælka Klaufa. Þorsteinn kvað þat vel vera, ef hann kæmi því við. Fór Klaufi heim með Grísi. Var hann þá tvævetr, enn Sigríðr fjogurra.

15. Nú er þess at geta, hversu Ljótólfr lét laust skipit fyrir Karli, þat sem þeir áttu báðir saman. — Enn skip þat hafði gert verit upp í Tungunni, ok var þar höggvinn viðrinn, því at þar var skógr mikill ok þykk, enn til kjalarins var höfð eik sú, er stóð niðri í Eikibrekku fyrir ofan Blakksgerði. Þeir færðu eikina í sík þat, sem suðr er ok ofan frá Grund, ok er þat kallat Eikisík síðan; enn skipit var kallað Íslendingr. Enn er skipit var algert, var þat fært ofan eftir ísum um vetrinn gegnt Hofi, ok létu þar standa skipit ok skorðuðu, ok heitir þar síðan Skorðumýrr.

\*

Sá maðr var á vist með Ljótólfi, er Þórðr fangari hét. Ekki hefir gerzt til tíðenda í dalnum síðan Klaufi kom, ok til þess nú er komit sögunni, ok er nú Klaufi á ellifta vetr. Þat var til nýlundu, at Þórðr fangari bauð Klaufa til glímu með ragmæli, ok var sá maðr sendr til Klaufa með rúnakefli, er hekluskeggi hét, enn Skeggi var vinr Klaufa. Hann tók við keflinu ok varðveitti. Enn um morgininn kallar Klaufi til öxar við Grís, ok fekk eigi

3\*

fyr enn hann ógnaði honum til. Þá ferr hann á Grund ok réðst um við Þorstein frænda sinn, hvort hann skyldi glíma við Þórð. Þorsteinn segir: „Þat vil ek at þú ráðir sjálfr“. Klaufi segir: „Þó at ek sé ungr at aldri, þá er mér þó leitt, at liggja undir ragmæli þræls þess, ok vil ek þú farir með mér, ok prófum hversu gengr“. Þorsteinn segist þat mundu veita honum. Ok eftir þat stefna þeir fjölmennan fund at Hofi, því at Þórðr vill hvergi glíma nema þar, ok fylgja þeir Klaufa Gríss ok Þorsteinn. Þeir takast fangbrögðum og glíma lengi, þar til er ambátt ein kom í stofudyrnar, ok kallar þetta ambáttafang, er hvárrgi fell, ok bað þá kyssast ok hætta síðan. Klaufi reiddist við þetta, ok tók Þórð upp á bringu sér, ok keyrði niðr fall mikit, svo at allir heldu hann meiddan. Eftir þat gyrðir Klaufi hann svá fast, at helt við meiðsl. Kerling ein sat í stofuhorni, ok lét allvel yfir því verki. Gríss mælti: „Nafn mun ek gefa þér Klaufi, ok kalla þik böggvi, ok skaltu hafa glófa at nafnfesti“. Þórðr komst til bekkjar með fulltingi annara manna; þá drifu menn út, ok er Klaufi kom út, mælti hann: „Illa kann sá feginn at verða, er hann lætr handagervi sína, þó at hann þiggi aðra“. Gekk hann þá inn í stofu, ok sá hvar Þórðr sat. Hann færði öxina í höfuð honum, ok fekk hann bana. Klaufi gekk út þegar. Þorsteinn

spurði, hví öxin væri blóðug. Klaufi mælti: „Ek bannaða Þórði at bjóða fleirum mönnum fang“. Þá urðu menn þegar vísir vigsins, ok leitnðust um, hverr svara ætti sökinni, enn Grísi bárust bætrnar, og galt hann sex hundruð silfrs. Fóru menn nú heim, ok var kyrt þat sem eftir var vetrarins.

16. Þessa menn nefnum vér til sögunnar, Hávarð í Þorvaldsdal ok sonu hans Vigfús ok Þorvald. Sá maðr var undir hans vernd, er Hrani hét; hann bjó í Birnunesi; hann var bróðir Birnu, er Birnunes er við kent. Enn Þorkatla hin gamla var móðir Hrana, er Kötlufljall er við kent, því at Helgi hinn magri deyddi hana þar, — ok kól hana í hel —, svá at hann sat henni þar mat, þar tiler hon dó. — Sá Hrani bauð ójafnað mikinn bónda þeim, sem bjó á Hellu ok Þórarinn hét; hann beitti upp engjar hans ok akra; enn fyrir því at Þórarinn var mjög skyldr Klaufa, þá sendi hann honum orð, ok fór Klaufi inn þangat, ok fundu þeir Hrana á akri Þórarins með fé sitt, ok sat hann á hesti sínum með alvæpni. Enn er Klaufi kom, sækir hann at Hrana með vápnum, svá at hann hefir ekki at gera, nema hefjast undan, þar til er hann fekk bana. Heitir þar síðan at Hranareki, er hann var veginn. Heim fara þeir Þórarinn ok Klaufi, því at þeir vilja gera fúlguföll Grísi í brautvistinni. Enn er Klaufi fór heim, fann hann mann ok reið sá hrossi, er Gríss átti, ok drap

Klaufi hann; sá maðr hét Örn ok var húskarl Höskulds lögmans ok náfrændi hans. Nú mætti Gríss honum ok spyrr, hví blóðug væri öx hans ok klæði. „Mat minn vil ek“, segir Klaufi, „enn eigi hirði ek um þetta“. At liðnu matmáli Klaufa riða tólf menn at garði; kendu þeir þar Þorstein svörfuð, ok með honum Hávarð ór Þorvaldsdal, ok mæla eftir Hrana. Gríss var þá til andsvara, ok galt hann tólf hundruð fyrir vígit hans Hrana. Í þann tíma kom Höskuldr lögmaðr ok heimti fyrir víg frænda síns. Varð Gríss at gjalda sex hundruð fyrir víg Arnar. Síðan fóru hvarirtveggju heim.

Var Klaufi nú miklu verri viðreignar enn áðr, ok helt þá Grísi hræddum, enn eigi at síðr kvaddi Gríss hann til fiskiveiðar í ána, ok fór heklú-Skeggi með honum. Hrólfr nefglita átti hálf ána ok veiðina við Grís. Enn er Klaufi kom til ok Björn húskarl Hrólfs, þá greinir þá þegar á, því at Klaufi vildi hafa alla ána til veiðarinnar. Björn hleypr á Klaufa þveran, ok ætlar at fella hann út á ána, því at hann var bæði mikill ok sterkr, enn Klaufi fann þat brátt, ok snerist móti Birni ok leitar nú eftir, enn Björn undan, ok finnast með því at Klaufi drepr Björn, ok ferr síðan heim, ok brátt kom Hrólfr nefglita ok bað bóta fyrir Björn, ok varð Gríss enn at gjalda sex hundruð silfrs.

17. Á þessu sumri bjó Gríss skip sitt til utanferðar. Klaufi spyrr, hvern hér skal fyrir þúi sjá á meðan. Gríss mælti: „Til þess hefi ek þik ætlat“. „Ek ætla þat þó eigi“, segir Klaufi, „því at ek ætla utan með þér“. Gríss ferr nú ok finnr Þorstein svörfuð, ok spyrr, hvernig með slíku skal fara. Þorsteinn segir: „Þat legg ek til, at þú flytir hann með þér, því at hann á alla kynslóð austr þar; þætti mér af því líklegt, at hann myndi ekki fýsast út hingað“. Gríss tók þessu vel, ok varð Klaufi í ferð með honum. Þorsteinn bað þá fréttu at Karli syni sínum, — „því at langan tíma hefir ekki spurzt til hans“. Nú halda þeir til hafs ok kómu til Þrándheims, ok var Gríss þar um vetrinn. Enn um sumarit bjó hann skip sitt til Íslands, ok gekk eigi lengra enn til Niðaróss. Lögðu síðan út undir Sólskel. Gaf því næst byr af útnorðri, ok mælti Klaufi með allillu skapi, at þeir myndi sigla suðr með landi. Gríss segir, at afglapi sá skal ekki því ráða, — „at ek sigla svo langt af leið“. Klaufi segir: „Svá skal sigla sem ek vil, ella siglir þú aldri heðan lífs“. Varð nú Klaufi at ráða, ok sigla suðr með landi, þar til er þeir koma at einum hólmi; þar lágu tvau skip ok vóru öngvir menn á; hljópu þeir upp á annat skipit. Klaufi mælti til Gríss: „Hverr hefir þessu skipi stýrt, því at hér eru rúnar þær, sem þat segja“.

Gríss kvaðst eigi víta. „Þú veizt þat“, segir Klaufi, „ok skaltu verða at segja“. Nú verðr Gríss at segja, hvárt er hann vill eða ekki. „Svá segja rúnar: Karl réð þá skipi, er rúnar váru ristnar“. Hljóp Klaufi þá í bát ok reri at landi; var hann þá svá reiðr, at hann rak öxi sína í jörð niðr, svá at stóð á hamri; þá reif hann upp mikla kylfu, svá at öngum sýndist hon vápnhæf, nema honum einum. Þeir heyrðu þá manna mál mikit, ok því næst sjá þeir tólf menn bundna, ok fjöldi manns var þar hjá ok leystu menn ór böndum, ok var hverr höggvinn, sem leystur var. Þeir menn, sem í böndum váru, var Karl enn rauði ok hans félagar; einn maðr gekk mest at, berbrynjaðr, at höggva fólkit; hann reiðir sverð um öxl allvíglega. Klaufi sneri at þeim manni, ok spurði, hvern hann væri. Sá maðr svaraði allstórlega, ok kvað hann þat öngu skifta. Klaufi sneri at honum ok barði á báðar hendr

— — — — —  
 — — — — —  
 allvel at hlaupa fyrir Atla nökkura hrið, — svá hét víkingr sá, er barizt hafði við Karl; — enn þá er Klaufi náði til hans, þá hlífði hann honum ekki heldr enn öðrum, ok gekk frá honum dauðum. Tók síðan sverðit ok hjó á tvær hendr, þar til er Gríss kallaði hátt ok mælti: „Klaufi, Klaufi, kunn þú hóf þitt“.

Gerðist Klaufi nú svo óknár, at hann gat eigi valdit klumbu þeiri, er hann hafði barizt með. Váru þeir Karl nú leystir; varð þar mikill fagnaðarfundr. Um várit eftir fóru þeir Gríss ok Klaufi í hernað, ok váru í vikingu þrjú sumur, ok fengu jafnan sigr; ok er þeir lögðu af hernaðinn, sigldu þeir til Noregs ok lögðu inn í Þrándheims minni, ok váru þar of vetrinn.

18. Um várit búa þeir Klaufi ok Gríss skip sitt til Íslands, ok fór á því skipi Karl ok Ögmundr. Kómu þeir í þær stöðvar, sem Gríss var vanr, ok lögðu skipi sínu undir Melshöfða, ok fóru allir heim á Grund ok fengu þar góðar viðtökur. Þá mælti Gríss til Þorsteins: „Misjafnar verða farar manna“. Klaufi mælti: „Kenn þú þér þat ekki, skræfan, er þú veldr öngu um, enn Karl má þar nökkut af segja, með hverjum atburðum hann er heim kominn“. Karl segir sem farit hafði. Þorsteinn þakkaði Klaufa frænda sínum.

Vel sómir at segja frá yfirlitum Klaufa; hann var þverrar handar ok fim alna hárl armleggi hafði hann bæði langa ok digra, kinnr miklar ok þykkvar greipr; hann var úteygðr ok ennisbreiðr, munnljótr, neflitill, hálslangr ok hökumikill, skolbrúnn ok lágu hátt kinnbeinin; manna var hann svartastr bæði á brýnn ok hárl; hann var opinmynt, ok sköguðu hátt tvær

tennr fram ór hausnum, ok alt var hann at álitu sem hann væri bæði knýttur ok kreptr.

Nú fara þeir heim Gríss ok Klaufi, ok var hann nú átján vetra. Þenna vetr bar ekki til tíðenda, nema maðr kom at Hofi eitt kveld, sá er Skiði var nefndr; hann hafði stokkit undan annars manns ánaud, þess sem Þorgrímr enn grá hét; hann bjó á Óslandi í Skagafirði. Skiði bað Ljótólf veita sér traust nokkut, enn Ljótólfr kvaðst mundu veita honum fyrir sakar Una frænda síns. Skiði bar þræls nafn; ekki bar hann þat nafn af því, at hann hefði til þess ætt; hann var manna mestr ok fríðastr. Ljótólfr skipaði hann til verkstjóra ok manna forræðis. Um vart eftir kom Þorgrímr vestan með tvá tigu manna til at vitja þessa manns, ok sættust þeir Ljótólfr ok Þorgrímr með því, at Ljótólfr galt fé fyrir þat, er hann hafði haldit Skiða um vetrinn, ok kölluðust sáttir, ok hafði Þorgrímr með sér þrælinn at sinni, með því at Ljótólfr hafði fámennr verit. Þá kómu sex tigur manna til móts við Ljótólf, ok sneri hann þá málinu öllu til heimsóknar. Þetta vart ráð Hrólfs nefglitu. Kreptu þeir svá at Þorgrími, at hann varð at selja Ljótólfi sjálf-dæmi, ok lét laust bæði féit ok þrælinn, ok fór heim við þat.

19. At liðnum vetri þá er menn vart á vartþingi á Höskuldstöðum, var mönnum við-

rætt mjök um kvámu Karls. Þá gekk Gríss til tals við Ljótólf frænda sinn ok mælti: „Vel sómir nú at tala um launin skipsins við Karl hinn rauða, því at nú eru margir góðir menn við“. Skiði var þar viðstaddr ok mælti: „Hygg at því Gríss, at þú leggir þat eina til með mönnum, at þá sé eigi verr með þeim eftir enn áðr“. Eftir þat spyrr Ljótólfr Karl, hvat hann vill leggja at launum fyrir skipit, — þat er vit létum gera báðir saman“. Karl mælti: „Ek hygg, at þú megir þar öngvar heimtur fyrir hafa, því at þú batt mik ráða verðinu“. Gríss mælti: „Gott þætti oss hér at at gera, ok þú legðir fram fé nökkut“. Karl mælti: „Ekki mun fram koma fyrir þín orð ok einskis annars at þessu sinni“ — ok svá varð, enn þeir frændr Karl ok Klaufi heimtu af Grísi fjogurra ára fúlgu, enn Gríss galt fúlgu hans, ok fengu þeir honum land til ábúðar, ok fór hann bygðum til Mela ok sat þar of vetrinn; ok skyldi Gríss ekki um ábyrgð verka hans þaðan í frá.

Enn um várit, þá váru lögréttir úti í tungunum ok ráku féit til réttarinnar feðgar tveir ór Teigsfjalli; — hét annarr Björn, enn annarr Sigurðr, ok mislíkaði Klaufa fjárrekstrinn, því at hann átti á eina með, ok þótti honum illa, at hon var elt afvega; ok er þeir kómu gegnt honum, hljóp Klaufi til í allillu skapi, ok drap

þar hvárn, sem kominn var, ok fór með þat til réttanna, ok mætti þar Karli frænda sínum, ok hljópu þeir á réttargarðinn. Ljótólfr spyr þá, hvat þeir sæi til þeira manna, er féit ráku. Klaufi segir: „Sá ek um stund, hvar þeir ráku féit, enn nú far þú ok vit. hvar hvárr þeira hefir staðar numit“. Þá varð víst, at Klaufi hafði drepit þá báða. Eftir þat varð Klaufi laust at láta Melaland, ok fekk Karl honum aðra jörð, ok reistu þeir honum bæ fyrir norðan ána uppi í dalnum. Þar heitir á Klaufabrekkum, er þá hét fyrst í Klaufanesi, því at þat stóð fyrst niðr við ána ok þótti þar komit illa, því at mjök bar á hann stórum, sem síðar varð raun á.

Ok eftir þetta gerðist fullr fjandskapr með mönnum í dalum. Á þeim vetri væntu hvárrtveggju sér liðs norðan ór dalnum af frændum sínum, Kolbeini ok Una, því at sundrþykki þeira var þá sem mest, enn fyrir fórst þat þó þau misseri, ok var kyrt at kalla í dalnum.

Enn at liðnu sumri bað Gríss konu til handa sér, Sigríðar Klaufa systur. Þorsteinn svörfuðr var þar til andvara, ok veik hann öllu til Klaufa. Þá ferr Gríss at finna Klaufa, ok bað hann konunnar. Klaufi svaraði skjótt: „Mun þá ekki hraust kona illum manni gefin; enn þó læt ek þat mitt ráð, sem frændr hennar vilja fyrir sjá“. Gríss mælti: „Koma muntu til

boðs míns, ef þeim sýnist at gifta hana“. „Koma mun ek víst“, segir Klaufi. Ok síðan var þessu keypt. Var Ljótólfr ekki við þessa ráðagerð. Nú var boðit búit á Grund ok kom þar ekki mart manna. Enn þá var sem mest vinfengi þeira Ljótólfs ok Ásgeirs rauðfelds, því at Yngvildr fögrkinn var friðla Ljótólfs, ok var engum boðit frá Brekku. Var mönnum skipat í sæti. Þorsteinn, Karl son hans ok Klaufi sátu á annan bekk, enn allir ellri menn á annan. Gríss tók þá til orða: „Vel sómir þat í svá góðu samsæti, at tala mest þat, sem eftir megi hafa, ok strengja heit eða taka jafnaðarmenn“. Þorsteinn kvað þat óvitrlega til lagit — „ok mun þaðan jafnan mart koma, sem Gríss er“. Eigi at síðr halda þeir á þessu tali, ok hóf Karl hinn rauði þat fyrst, ok tók sér til jafnaðarmanns Ljótólf goða, ok strengdi þess heit, at hann skyldi hafa heimilat ragmæli á hendr honum á þriggja vetra fresti. Gríss tók sér jafnaðarmenn ok nefndi til þess Skíða, ok strengdi þess heit, at hæfa á þá höfn, sem hann vildi, hvar sem hann sigldi á milli landa. Ögmundr sagðist þá ekki mundu sigla lengra, enn um þveran hroftann. Klaufi tók sér jafnaðarmann Ólaf Ásgeirsson ok strengdi þess heit, at hann skyldi koma í sömu rekkju Yngvildi fögrkinn án vilja Ljótólfs goða. Gríss mælti: „Ekki vita slík orð lítils, ok eigi mnydi þrek-

lausir menn slíkt tala, ok látum þetta nú eigi at engu verða, ok förum þegar út í Brekku eftir Yngvildi fögrkinn, ok setjum hana á brúðarþekk hjá Sigríði. Þeir gera svá; standa upp átján saman, ok gengu út í Brekku. Gríss settist á tal við Yngvildi ok Þórhildi móður hennar; enn þeir Karl tala við Ásgeir bónda, ok báðu þau öll samt at koma suðr síðar dagsins, ok fóru þeir heim, ok mættu þeim manni fyrir heima, er Þórðr gapa hét. Gríss gekk at honum ok mælti í eyra hljótt: „Allilt er þat, at hann Karl er svá matsparr, at hann býðr eigi slíkum manni, sem þú ert. Far nú til Hofs, ok muntu ekki fá þar verri viðtöku, ef þú segir, hvat hér er í ráðagerð“. Þórðr hljóp þegar. Karl þekti, at maðr hljóp frá boðinu, ok bað fara eftir honum ok elta hann, enn hann hljóp á ána undan, ok létti eigi fyrr, enn hann kom til Hofs, ok sagði hvat í efname var. Brá Ljótólfr þegar við ok safnaði mönnum, ok reið vestr yfir ána til Brekku. Maðr sá var úti á Grund, er hjó eldivið; hann hljóp inn ok sagði, at tuttugu menn riði yfir ána ok til Brekku. Þá standa þeir upp átján ok fara út í Brekku, ok urðu við þat varir, at margir menn váru í húsum inni, enn byrgðar dyrr. Þá kom Karl at, ok beiddi Ljótólf út ganga. Þeir heyrðu hlátr mikinn inni í bænum, er þau hlógu Yngvildr ok Hrólfr nefglita. Yngvildr gekk

þá fyrir dyrnar. Klaufi gekk upp at dyrrum ok kvað vísu :

- (1) Hykk at heiti  
 Hrólfr nefglita  
 sá's býðr Klaufa  
 konu at verja;  
 munattu Beggvir  
 brúðar njóta  
 nema Nefglitu  
 nemir lífi.

Og enn kvað hann:

- (2) Hlær mest at því  
 Hrólfr nefglita  
 nærgi es greppi  
 gjöldum þetta.

Þá gekk Karl hinn rauði at dyrrunum ok kvað vísu:

- (3) Veitk at seggir sátu  
 slikt es minnilegt inni  
 ræðr sá es lof leiðir  
 Ljótólfr fyr óskjóta  
 brims getk enn at ýmsir  
 eldskerðandar verði  
 hlátr skal herðinjótum  
 hegna brögðum fegnir.

Karl brá þá sverði, ok setti í dyrastafinn ok nefndi sér vátta, ok heimilaði ragmæli á hönd Ljótólfs goða, er hann vildi eigi út ganga, ok fyldi svá orð sín, er hann hafði talat at Grund. Hann bauð Ljótólfi enn útgöngu, — „ok munu vér ganga frá dyrunum á meðan“.

Ljótólfr vildi eigi hætta mönnum sínum út, ok fór Karl heim, ok sátu at boðinu, ok fór hver til sinna heimkynna. Var þá kyrt í dalnum þann vetr.

20. Um várit eftir ætluðu hváirtveggju til liðs við þá Kolbein ok Una, sem þeir höfðu heitit fyrra várit. Ljótólfr varð fyrr búinn, enn Karl, ok fóru synir Ásgeirs með honum. Þá spurði Þorsteinn svörfuðr Karl son sinn, hví hann léti svá seint um ferðina. Karl kvaðst eigi hirða, þó at þeir bryti snjó fyrir honum um heiðina. Í þann tíma hafði Ásgeir farit upp í dalinn at rýja gemlinga, ok nú kom Karl til heiðarinnar, ok komst eigi lengra enn upp í heiðina. Þá varð þat til tíðenda, at Klaufi fell af baki. Þá drápu þeir hross eitt, er laust hljóp með þeim, ok flógu af skinn ok þöndu um Klaufa, ok bundu um þvert bak á hrossi, ok fóru við þat ofan eftir dalnum, ok fundu Ásgeir fyrir neðan Vatnsdalsá. Ásgeirr spurði, hví þeir færi svá hverft. „Sjá máttu“, segir Karl, „at vér förum hér með Klaufa veginn“. „Eigi er þat illa“, segir Ásgeir, „því at hann hefir mörgum manni mikinn ójafnað sýnt, meðan hann lifði“. Karl segir: „Eigi þarftu at brósa því svá mjök, því at nú skaltu láta líf þitt, eða fastna Yngvildi dóttur þína Klaufa vegnum“. Þat köri Ásgeirr at rétta fram höndina, ok nú sprettr Karl til handar Klaufa, ok

verðr Ásgeirr þar í at taka, ok fara festar fram.  
Þá kom kviðlingr ór húðinni;

(4) Mál es í meyjar hvílu  
mjök emk „stygglega hauggr“  
flýgr í faðm mér eigi  
fögr drós ganga mögrum  
munat oss um þrá þessa  
þat kváðu hjú batna  
rétt „þau es reisa áttu  
rann þeim bana manni“.

Þá mælti Ásgeirr: „Segir þú Klaufa dauðan, Karl“? Karl svarar: „Þat segi ek eigi, enn þat sagða ek, at hann væri veginn“. Ásgeirr mælti: „Við því gat ek eigi gert, at þú færir með prettum ok ráðkrókum eða lygi“. „Laug ek eigi“, segir Karl, „þótt ek segða hann veginn, því at þat er sagt vegit, sem reitt er“. — Ok nú fara þeir ofan til Brekku, ok færir Karl þau í eina sæng, Klaufa ok Yngvildi, enn Ásgeirr hafðist við uppi í dalnum, meðan þetta fór fram.

21. Nú fara þeir vestan eftir þingit, Ljótólfr ok hans menn, ok hafði Þorgrímr hinn grá mjök verit á móti þeim Ljótólfi ok Una. Ok nú koma þeir í dalinn í þann tíma, er þeir Karl ok Klaufi fara neðan með konuna. Ásgeirr var þá kominn í för með Ljótólfi, ok hafði sagt honum hvat í hafði gerzt, meðan hann var vestr. Nú fara þeir Ljótólfr yfir ána hjá Teig-

arhöfða, enn þeir Karl ok Klaufi neðan eftir eyrunum at Urðarhúsum. Var Ljótólfr við þrjátigu manna, enn Karl við fimtánda mann. Karl hrópaði mikit Ljótólf, ok bað hann heyra, hvat hann talaði: „Hér er Yngvildr friðla þín í ferð með mér“. Ljótólfr lét sem hann heyrði eigi, hvat Karl sagði, ok fór heim við svá búit. Var Karl með Klaufa. Váru um þat almæli um dalinn, at Karl bæri ægishjálm yfir Ljótólf, enn þó má kalla kyrt um sumarit.

Geta verðr þess, hversu fór með þeim Una ok Kolbeini, at Uni hlaut þat, er þeir deildu um, því at allir váru á móti Kolbeini. Varð Kolbeinn svá reiðr, at hann stökk á skip, ok sigldi í haf, ok braut skipit við klett þann, er liggr í útnorðr undan Grímsey, ok týndist Kolbeinn þar, ok er eyin við hann kend, ok kölluð Kolbeinsey, enn Uni sitr þar eftir ok minnar ekki virðing sína.

Um haustit tókst með þeim deila, Klaufa ok Ljótólfi. Þóttu Klaufa menn Ljótólfs óskil-samlega reka fé þeira Þorsteins svarfaðar ok Karls. Klaufi bað Karl fara upp í dalinn til réttanna. Klaufi riðr upp eftir dal, enn Karl út á Strönd. Ekki er sagt frá ferðum Klaufa, fyrr enn hann kemr upp at Krókamelum, gegnt Búrfellshúsum, ok þar er hann fyrir fjallmönnum við vaðit. Nú er féit rekit at vaðinu, enn Klaufi ver vaðit, ok er við fimta mann, enn

réttamenn margir ok tekst þar bardagi, enn lögréttin var á Hæringsstöðum, ok bjó þar Hæringr. Hann sér, at féit dreifist við ána ok hleypr heiman við tíunda mann, ok komust þeir eigi yfir ána, því at Klaufi réðst í móti, ok var þá kominn at honum berserksgangr, ok berjast þeir nú fyrir austan ána. Í þann tíma kom Ljótólfr at með þriðja mann, ok snýr at með Hæringi. Klaufi lætr sem nú sé ekki annat at sækja enn Ljótólf, ok hopar Klaufi nú út á ána, ok berjast þeir nú á miðri ánni. Í því bili ríða níu menn neðan eftir eyrunum hvatlega. Var þat Karl. Hann kallar hátt: „Klaufi frændi, kunn þú hóf þitt“. Klaufi mælti: „Illu heilli komt þú mér, því at nú hefða ek sigrazt ok drepit Ljótólf, ef þú hefðir eigi komit, ok hefðim vit þá einir ráðit dal þessum“. „Þat skaltu eigi mæla frændi“, segir Karl, „því at Ljótólfr á marga frændr göfga um alt Ísland ok myndim vit sitja fyrir afar-kostum, ef honum væri nökkut til meins gert, ok sel honum nú sjálfðæmi fyrir allan saman ójafnað, þann er þú hefir gert honum“. Þá reiddist Klaufi ok kvaðst þat aldri skyldu gera. Eru þeir nú skildir, ok var Hæringr fallinn ok fimtán menn aðrir, — ok skildu við svá búit.

22. Á þessu sama hausti sóttu þeir litgrös, bræðr frá Brekku, upp í Klaufahlíð, er móðir

þeira sendi þá eftir, ok kómu þeir heim á Klaufabrekku, er þeir höfðu sótt grösin, ok vildu finna Yngvildi systur sína, ok lögðu ʒniðr úti baggana, meðan þeir dvöldust; var annat verja, enn annat hit mikil. Þá kom Klaufi at, ok saxar í sundr baggana með páli, ok gekk í brott síðan. Enn er þeir bræðr kómu út, sá þeir, at baggarnir vóru eigi til tækir. Fara þeir heim ok mæta móður sinni. Hon spurði, hví þeir hefði ekki með at fara. Þá varð Þorleifi vísa af munni:

(5) Belg hjó fyr mér  
 Bøggvir snøggvan,  
 enn fyr Áláfi  
 ál ok verju;  
 svá skal verða,  
 ef vér lifum,  
 við böl búinn  
 Bøggvir høggvinn.

Þat var eitt sinn, at Yngvildr fögrkinn settist í kné Klaufa, ok var við hann allblíð, ok bað hann lofa sér at fara ofan til Brekku, ok kvaðst eigi lengr skyldu á brott vera, enn hann vildi, ok bað, at heklu-Skeggi skyldi fara með henni. Klaufi leyfði þat. Hon fór síðan, ok var eigi lengr í brottu, enn hann leyfði. Enn er hon kom heim, settist hon í kné honum, ok var blíð við hann ok mælti: „Eigi ætla ek, at önnur kona sé betr gefin enn ek; enn þat líkar mér illa við bræðr mína, er þeir hafa

drepit yxn mitt, er mest gersemi var, ok vilda ek, Klaufi minn, at þú létir þér þetta mislika ok sæktir yxnit, þar sem þat liggr til gert í húðinni gegnt dyrunum á Brekku“. Klaufi segir: „Hvat mun þat varða; eigi mun þik hér mat skorta“. Hon segir: „Ekki varði mik þess, at þú myndir vilja vera ræningi bræðra minna“. Klaufi spratt þá upp, ok gyrði sik sverðinu Atlanaut, ok var hinn reiðasti, ok gekk ofan til Brekku, ok kom ekki á Grund, ok fann þegar húðina liggja í dyrunum, ok tók upp alt saman yxnit, ok kastaði á bak sér, ok hugðist mundu ganga út með, enn þat gekk eigi, því at við nam dyragættinu; frá hafði hann þau öll saman, ok gekk með suðr ór garði, ok hristi þar af sér dyragættin öll ok hurðina með, ok gekk svá heim. Enn er hann kom heim, var langt af nótt; var þá borinn mjök snjór at dyrunum; gekk hann þá inn í snjóbyrgit. Þá kom Yngvildr í mót honum, ok var allblið við hann, ok svá rann Klaufa þá reiðin, at hann gat þeim bagga ekki valdit, sem hann hafði áðr lengi borit. Hann laut mjök í dyrunum, er hon fagnaði honum, ok rendi sverðit fram ór slíðrunum, ok tók hon þat, ok kastaði út í sjóbyrgit ok mælti: „Neyti sá, sem neyta þorir“. Hon dvaldi fyrir Klaufa, þar til at hann var laginn í gegnum, svá at hann fekk þegar bana. Þessu verki ollu þeir Ásgeirs synir, ok tóku þeir Klaufa ok

drógu undir heygarð at húsabaki. Yngvildir fór þá í rekkju sína, enn þeir bjoggust á brott. Þegar kom Klaufi til sængr Yngvildar, er þeir váru á brott farnir; hon lét þá kalla á þá bræðr, ok hjoggu þeir af honum höfuðit ok lögðu neðan við iljarnar. Þeir bræðr kómu heim um kveldit í Brekku, ok spurði faðir þeira þá at, hvat þeir hefði annazt. Þorleifr kvað vísu :

(6) Rauðk á randa gœði  
 rítorms sakar víti  
 me:ðr í malma veðri  
 mens tók sverð at grenja  
 söng hættlega hringa  
 hnitsól ára fitjar  
 felligríðr meðal fjalla  
 fetils trolla hlóðk þolli.

Ásgeirr segir: „Finn ek nú hvat þit hafið gert, enn ekki ber ek traust til at halda ykkur hér, ok farið þit til Ljótólfs“. Þeir fóru þegar til Ljótólfs, ok gerðu honum kunnig tíðendin. Tók hann því verki allvel, ok bað þá fara til Griss, — „því at vér vitum allir saman þessi ráð“. Þeir hitta Grís ok segja honum; hann lét vel yfir, enn treystist þó ekki til að geyma þá, svá at Sigríðr vissi eigi, kona hans, ok var hon við vör ger, hvat til tíðenda hafði orðit. Hon mælti við Grís: „Hvat kaupir viltu til leggja, at ek leyna þeim?“ Hann spyrr, til hvers hon mælist. Hon bað selja sér sverðit

Atlanaut til geymslu, ok myndi hon ekki til segja, fyrr enn nökkurr segði annarr. Verðr þat nú kaup þeira.

23. Þat var á nökkuru kveldi, at Karl inn rauði sat við eld, ok kom kviðlingr; þar váru fylgdarmenn hans átta; þeir heyrðu að eitthvat gnauðaði á húsinu:

(7) Sitk á húsi,  
sék til þess,  
heðan munu vér  
oss hefnda vænta.

Karl mælti: „All-líkt er þetta rómi Klaufa frænda várs, þá er vér heyrðum til hans, ok má vera, at hann þykkist nökkurs við þurfa; fellr mér svá í hug kveðskapr sjá, at víst er þetta fyrir stórtíðendum, hvárt sem þau eru komin fram eða eigi“, — ok fara þeir út eftir þetta alvápnadir, ok ætla at snúa yfir til Hofs. Þá sá þeir ekki lítinn grepp suðr við garðinn, ok var þat Klaufi, ok hafði höfuðit í hendi sér ok mælti:

(8) Suðr es ok suðr es,  
ok svá skulum stefna.

Þeir snúa nú þangat eftir Klaufa, ok fara til þess er þeir koma til Steindyra, ok nam Klaufi þar staðar, ok laust höfðinu á dyrnar ok mælti:

(9) Hér es ok hér es,  
hví skulum lengra?

Þá snýr Karl heim til húsanna, ok kom þar at opnum dyrum, ok váru inni eldar; trápiza stóð á gólfinu, enn mikit slátr var upp fært ok soðit. Gríss stóð upp í móti þeim ok fagnaði vel Karli, — „ok sezt niðr mágr“, sagði Gríss, „ok tak snæðing“. Karl svarar: „Annara er oss at tala um tíðendi þau, er orðin eru“. Gríss svarar: „Engi koma nú ný tíðendi at oss, eða hvat kantu at segja?“ „Þat er yst“, segir Karl, „at ek ætla, at Klaufi sé dauðr“. „Hvat mun annat til vár koma, enn láta illa yfir því“, sagði Gríss. Karl svarar: „Þik hyggju vér vita, hvern unnit hefir verkit“. — Karl settist nú niðr, ok semst heldr með þeim, ok snæða nú mennirnir. Gluggur var á húsinu norðan, ok skyldu þeir sitja, Ásgeirs synir, þar við, ok sjá hvat komit væri. Þeir eru nú við glugginn, ok sjá, at þeir Karl eru komnir. Þat varð Þorleifi á munn: „Glögt þykkjumst ek nú vita, hversu til muni ætlat; sent mun eftir Ljótólfi, ok munu þeir veita Karli atgöngu, enn ek þoli þat aldri, at svá ágætr maðr sé svikinn“. Þorleifr kvað þá vísu þessa:

- (10) „Kveðat“ sendir mik mundu  
 mundhyr rekast undan  
 „dyggr er sá er *drjúgt* man eggja  
 „dólgr mín rum sína  
 „ok böðreyndan brandi  
 „blóðorm um knæ góðan

„hræva gífurs með hreifum  
heggr ok bitr á skeggi(t).“

Ok enn kvað hann :

- (11) Hér sitk ok hvetk hvassan  
hlymbrand jóru randar  
meðan óvinir óðir  
oss leiða matreiður  
bernsklegir báðir eigum  
ból þars lítt nýtr sólar  
oss hlægir þat eigi  
úti um hellis skúta.

Þetta heyrir Karl ok kennir Þorleif at máli, ok kvað þá vísu þessa :

- (12) Hér gelr hvass á húsi  
hyrvindr mikils styrjar  
fleinhríðar vegr fæðir  
ferð sás hræddr skal verða  
þau munu ljóð enn leiðar  
linnsveigir reunn þú eigi  
bið þú gunnstara grennis  
grísi hætt es ek vætti.

Eftir þetta sprettr Karl upp, enn Sigríðr Klaufa systir gekk at honum ok fekk honum sverðit Atlanaut. Hann brá sverðinu, enn kastaði umgerðinni á öxl sér. Gríss var þá úti, ok bar flot á spjótskefti þeira. Karl hljóp þá at Grísi, ok hjó hann í sundr í tvá hluti með sverðinu, ok mælti: „Svá brytju vér grísuna Grundarmenn“. Hann sá þá, at floti var riðit á öll spjótskefti þeira; hann tók spjót sitt ok rak í skaffinn, ok dró út at fjöðrinni ok þerði þannig af með

snjónum, ok svá gerðu þeir allir, ok snúa síðan  
 ór garðinum, ok sá þar fara grepp harðla mik-  
 inn gagnvert sér, ok var þar Klaufi kominn;  
 þá kvað hann vísu :

(13) Ganga hér fyrir garð fram  
 gunnhvöt enni,  
 eruð vanir vígum  
 sem vér fyrri;  
 sét höfum sólheim,  
 sjá munuð annan,  
 eruð ér sem vér  
 alls of duldir,  
 alls of duldir.

„Í urð ætla ek nökkurum í kveld, Karl frændi“,  
 sagði Klaufi. Ok nú sjá þeir, at fimtán menn  
 fara frá Bakkavaði Þeir mætast þar sem heitir  
 Kumlateigr; var þar kominn Ljótólfr goði, ok  
 váru öngvar kveðjur með þeim; hlupust menn  
 þegar at, ok varð hinn harðasti bardagi; ok er  
 þeir höfðu barizt um hrið, mælti Ögmundr  
 Höskuldsson við Karl: „Gættu þín vel, því at  
 eftir standa skór þínir í fönninni, ok mun ek  
 standa fyrir þér, á meðan þú kippir á þik“.   
 Karl kvað þá vísu :

(14) „Þokn“ sé ek upp „við ekka“  
 oss hlífir sjá drífa  
 „kols“ at klaufa hváli  
 kornél gert með vélum  
 nærgis þeyr af þeiri  
 þats meinlegra einu

ræðk þót rigni blóði  
randelds í hrið standa.

Þá kom Klaufi í bardaga, ok barði blóðgu höfðinu á báðar hendr bæði hart ok tíðum; ok þá kom flótti í lið Ljótólfs; því var líkast, sem þá er melrakki kemr í sauðadun; þeir Ljótólfr heldu nú undan, ok eru nú níu eftir, enn fimtán heldu til, enn sjau váru hinir, ok ætlar Ljótólfr at snúa ofan Bleikudal fyrir ofan Bakka-garð, enn þar var Klaufi fyrir, ok bannaði þeim þar at fara; út snúa þeir undan, ok ætla o'an Nafarsdal fyrir utan teiginn; eigi var þess kost, Klaufi var þar fyrir; þá bar Karl at, ok tókst bardagi í annat sinn; undan varð Ljótólfr at halda, er þeir höfðu skamma stund barizt, því at Klaufi var þá í bardaganum; sjau váru þeir Ljótólfr, er þeir heldu undan, enn hinir fjórir. Alt fór Ljótólfr, til þess er hann kom heim at garðinum at Hofi. Eigi var þá kost at fara lengra eða í hliðit, því at Klaufi var þar fyrir; þá bar Karl at, ok urðu þeir at berjast í þriðja sinn, þegar er þeim laust saman. Þá kvað Klaufi vísu:

(15) Dynr es um allau  
dal Svarfaðar,  
eru vinir várir  
vals of fyldir  
knýjum, knýjum,  
Karls um liðar  
látum liggja

Ljótólf goða  
í urð  
ok í urð.

Þá mælti Ljótólfr, at þeir skyldi æpa upp allir senn, — „því at þá mun Skiði heyra, ok mun hann koma til liðs við oss með þá menn, sem hann hefir til“. Skiði heyrði ópit, ok stökk upp ok út í garðinn við hinn þriðja mann, ok átti hann þá eigi kost at fara til bardagans; Klaufi var þar fyrir ok varði þeim stigin. Heim fór Skiði ok fekk sér eldibrand mikinn, ok vafði at næfrum, ok hljóp út í garðinn, ok við þetta stökk Klaufi til bardagans; Skiði hljóp ok þangat við þriðja mann, ok sá á grundinni gölt ok hvítabjörn, ok gengust þeir at, enn Skiði gekk at ok skildi menn, ok lét eigi kost at berjast lengr; þá váru tveir hvárir. Ljótólfr hófst undan, ok hlífði Skiði honum ok þeir þrír saman förunautar, enn horfinn var bæði göltrinn ok svá Bersi. Nú fara þeir svá, þar til er Ljótólfr náði dyrunum á útibúri sínu, því er hann átti. Þá váru með Ljótólfi Ásgeirs synir rauðfelds. Karl bar þá at dyrunum, ok var hann við annan mann; hann átti ekki kost inngöngu, því at Skiði var þar fyrir. Skiði eggjar Karl atgöngu, enn Karl eggjar Ljótólfr útgöngu, ok lét honum eigi vænna í annat sinn til afburðar. Ljótólfr kvaðst nú mundu vera láta at sinni — ok ferr Karl heim eftir þetta,

ok Ögmundr með honum. Þorsteinn svörfuðr fagnaði vel Karli frænda sínum, ok mælti: „Sezt niðr, frændi, ok seg frá tíðendum, ok þykkjumst ek eigi vita, hví erfði þetta hefir svá á mik fengit, sem ek hafa verit með yðr í bardaganum, ok eigi má ek heðan ganga“. Karl mælti: „Vissa ek, faðir, at þú vart í bardaganum ok veittir oss lið“. Þá váru bundin sár Karls og Ögmundar. Þorsteinn svörfuðr var færðr í rekkju sína af vanmætti, ok lá hann þá nótt alla, ok um morgininn eftir, ok veitti Karli syni sínum mörg heilræði, ok bað hann bregða búi á Grund ok fara til Upsa, — „þess vil ek biðja þik, son minn, ver vinfastr við þá menn, er þér eru hollir í sveitinni“.

Nú mátti kalla kyrt í sveitinni um vetrinni, eftir þann aga, er þeir höfðu haft.

Þá kómu til fylgdar við Karl Vermundr ok Þórðr ok Svarthöfði Hedínsson.

Enn um vórit lét Þorsteinn svörfuðr af berast, ok var hann grafinn niðri á melnum gegnt Blakksgerði. Eftir andlát Þorsteins lét Karl gera mikla veizlu á Grund, ok bauð til Hávarði ok sonum hans, ok öllum vinum sínum innan dals. Þat tóku menn þá ráðs, er þar váru komnir margir góðgjarnir menn, at leita um sættir með þeim Ljótólfi. Karl varð því samþykkr um síðir, ok fóru menn til Hofs eftir veizluna, ok leituðu um sættir við Ljótólf, ok

gekst þat svá við, at hváirtveggju fundust á Grund, ok mæltu nú mál sín, ok var Ljótólfr í öllu tregari at sættast, enda váru öll mál meir dregin undir Karl. Þeir urðu utan at fara synir Ásgeirs rauðfelds. Skíði gekk at, ok beiddi Karl, at hann legði til við Ásgeirr rauðfeld hagjörð nökkura, — „því at sú er fjarlæg, er hann á“. Karl gerði nú svá, at hann gaf honum hagnýrar miklar. Sú varð sættin, at Ljótólfr hlaut at gjalda Karli sex hundruð silfrs. Í Siglufirði stóð skip uppi, ok fóru þeir þar á Ásgeirssynir.

Svá gengu sættir saman, sem sagt var, ok má þá kalla kyrt í dalnum, ok ferr Karl byggðum til Upsa.

24. Þessu næst er þat at segja, at Ljótólfi er kona ætluð innan ór Eyjafirði af Möðruvöllum, Þórdís dóttir Guðmundar gamla.

Þat bar at, at skip braut í Fljótum, ok komst ekki mansbarn af, svá at alþýða manna vissi. Einn morgin var hekluskeggi kominn út at Steindyrum; hann var á vist með Sigríði Klaufa systur. Hann sá, at tveir menn höfðu vaðit yfir ána, enn því sá hann þat glögt, at snjóföln var fallit, ok kallaði hann þá á Sigríði, ok kendu þau sporin, at þeir Ásgeirssynir höfðu þar farit, því at táin hin mesta var miklu meiri á Óláfi, enn á öðrum mönnum. Hon bað hann fara til Upsa ok segja Karli. Hann gerir svá.

Hann brá við þegar ok ferr til Hofs við hinn fimtánda mann, enn Ljótólfr var ekki heima, ok var hann farinn inn til fjarðar. Þau váru fyrir búi meðan, Ragnbildr ok Skíði; þar var ok Yngvildr fögrkinn. För þeira gat Skíði litit. Nú váru sveinarnir nýkomnir; þeir Ásgeirssynir stóðu hjá Skíða, er hann ók á völl; ekki sá hann annat fangaráð, enn þeir settust í haugstaðinn, ok drap hann at þeim mykinni, er frerit hafði; enn síðan mokaði hann at blautri myki. Síðan fór hann suðr á völlinn, ok bar þá Karl at, ok frétti, hvat manna komit væri til hans. Hann kvað þat ekki at sínu viti, — „at neinir menn sé hér komnir“. „Leyn þú ekki, Skíði“, sagði Karl, „því at hér eru komnir synir Ásgeirs“. „Sagt er þat, er ek mun segja“, sagði Skíði. „Föru vér heim“, sagði Ögmundr, „ok þæfum ekki Skíða; rannsökum bæinn“, — ok svá gerðu þeir. Fyrir sunnan hús lézt Ögmundr sjá rauðan kyrtil hanga úti á ási, ok diglaði niðr ór, ok brá hann í munn sér, ok kendi at salt var; síðan hljóp hann suðr um húsin ok dró eftir sér kyrtilinn, tók þar tók mikla ok hjó af henni höfuð ok færði í kyrtilinn, ok lét taka strúpann niðr ór höfuðsmáttinni, ok dró at dyrunum, þar sem þær váru inni Ragnhildr ok Yngvildr. Hann mælti þá: „Hér meguð it sjá, hvat vit höfum fundit; illa hefir sá, sem ótrúan vin hefir, sem Skíði

er, því at hann hefir sagt til þeira bræðra, ok meguð it sjá hér annan þeira“. Þær létu sem þær heyrðu eigi. Þeir hlaupa nú suðr á völlinn, ok var þar Skíði fyrir. Karl hljóp at Skíða ok tekr hann ok rekr niðr fall mikit, ok mælti: „Seg nú, ef þér er betra nú enn fyrr; vísir eru vér nú orðnir, at þeir eru hér Ásgeirssynir“. Skíði mælti: „Þat segja þeir sem vilja; sagt hefi ek þat, er ek mun segja“. Þá tók Karl reip ok rendi rúmsnöru at fótum Skíða ok knýtti í tagl hestinum, ok sté á bak, ok riðr fyrir ofan Skorðumýri. Skíði dragnaði eftir, ok var þá eytt skógunum ok stóðu stofnar eftir; þar hlaut hann at gnötra um, til þess er Ögmundr hjó í sundr taglit í hestinum ok mælti: „Illa munu vér þat, er faðir þinn mælti, þvíat hann var vinr hans, er vér kveljum Skíða svá“. Þeir sá þá, hvar riðu þrír tígir manna utan at bænum. Skíði var mjök meiddr, því at honum blæddi hvarvetna; hakan var rifin ok höku-beinit með; ór tennr tvær. Þeir fara nú yfir ána, enn Skíði ferr heim. Alt var jafnskjótt, at Skíði kom heim ok Ljótólfr, ok spurði, hví hann væri svá illa leikinn. Skíði svarar: „Engi veldr því, nema haldinyrði mín“. Þeir Karl búast nú við á hólnum gegnt Grundarhúsum, enn hinir ríða þangat þrír tígir manna ok tveir um fram — því at Ásgeirssynir váru þá með Ljótólfi. — Venda þeir nú yfir ána at Karli.

Tókst þar bardagi; ok lýkr svá, at nökkurir menn fellu af Ljótólfi, enn tveir af Karli. Bárðr sterki lyfti Ljótólfi í söðul upp, ok bað hann undan riða, ok svá gerði hann, því at fátt gafst vel af liði hans, — ok skildust við svá búit, ok fór Karl heim. Þat varð Ljótólfi á munn, er hann sá Skiða: „Kjóstu sjálfr laun fyrir haldinyrði þína“. Skiði segir: „Þú skalt gera sæmd mína slíka sem þú vill, enn auðkörin eru launin, ef ek skal ráða“. „Hver eru þau“? segir Ljótólfr. Skiði segir: „Ek vil at þú gefir mér Yngvildi, ok eigir blut at. Þykkjumst ek maklegastr at njóta hennar fyrir hrakning þann, er Karl fekk mér“. Ljótólfr segir: „Hví beiðir þú þess, er mik varði sízt, ok ek ætla, at þér verði þat ekki at glyssi, at eiga hana“. „Hversu sem þat er“, segir Skiði, „þá vil ek þetta verkkaupit hafa, enn þú ráð sjálfr, hverja sæmd þú leggir henni“. „Þessa skulu vit þá leita við hana“, segir Ljótólfr, „því at ek vil eigi gefa hana nauðga“. Þeir gengu þá til Yngvildar, ok vekja þetta mál við hana, hvárt hon vildi ganga með Skiða. Hon mælti til Ljótólfs: „Lítils þykki mér þú vilja virða mik, er þú vill gefa mik þraeli þínum“. Ljótólfr segir: „Ek mun þat bæta þér, ok gefa honum frelsi, ok fé svá mikit, at þit séið eigi neins menn, eða meiri, þó at þit hafit meira“. „Nær er þá“, segir Yngvildr. „ok mun

ek þá mæla nökkut mínu máli“. Ljótólfr spurði, hvat þat væri. Hon segir: „Hann skal hafa fyllt skarð í vör sinni á fim vetra fresti, svá at mér þykki vel fult vera“. Þessu játar Skiði, ok var þetta at ráði gert, ok gaf Ljótólfr Skiða dal þann til forræðis, sem síðan er kallaðr Skiðadalr. Mörk var svá þykk upp frá tungunni, at aldri var rjóðr. Skiði hefir reistan bæ sinn þar, sem síðan heitir á Möðruvöllum. Ljótólfr fekk honum búfé, svá at þau váru vel birg. Þau Skiði ok Yngvildr áttu þrjá sonu; hét Þorkell hinn elzti, annarr Björn, þriði Grímr. Þá er Þorkell var nökkurra vetra gamall, býðr Ljótólfr honum heim til sín til fóstrs, ok vex hann þar upp.

25. Nú verðr þess at geta, sem áðr var horfit frá, at þá er Karl hafði heima verit eina nótt, riðr hann út á Strönd, enn þoka var mikil. Ljótólfr hafði ok riðit út á Strönd at vitja um viðu, ok skyldi draga heim. Fóru þeir fim saman. — Karl reið til þess er hann kom í Holt hit ytra, ok mætti Geirdísi, er hon gekk frá goðahúsi. Hon fagnaði vel Karli. Hann spurði, hvárt Geiri sonr hennar væri heima. Hon kvað hann genginn at fé upp í Holtsdal. Karl reið ór garði ok sneri síðan upp í brekku. Karl spurði, ef þeir sæi nökkut manna fyrir sér. Þeir segja, at maðr rak fé út eftir hliðinni. „Þann veg skulu vér stefna“, segir Karl.

Þeir mæta Geira við gerði þat, er upp er ok suðr frá Böggvisstöðum. Karl lét taka Geira ok drepa, ok er þar kallat á Geiravöllum. Þá reið Karl heim til Upsa, ok lét Ljótólfr, sem hann vissi ekki, hvat í hafði gerzt, ok sitja menn hváirtveggju um kyrt þrjá vetr.

Ögmundr var einatt með Karli ok Svarthöfði Hedínsson, ok tók mjök at eyðast fé fyrir Karli af kostnaði þeim er hann hafði, ok gerðist eigi hægr til bændum, ok varð hann eigi jafn-vinsæll sem verit hafði.

[Eitt sumar kom skip af hafi í Svarfaðardalsárós; hét Gunnarr stýrimaðr fyrir skipinu; hann var víkverskr maðr ok mikill vin Karls. Ljótólfr var á þingi, er skipit kom. Karl reið til skips, ok bauð Gunnari til vistar með sér við svá marga menn sem hann vildi. Gunnarr tók því vel, — „enn biða mun ek Ljótólfs goða; er mér sagt, at mikit missætti sé með yðr, ok mun ek ráðast þangat til vistar; þykki mér þá vænt, at ek koma nökkuru á leið um sætt með ykk“. — Karl riðr heim til Upsa, enn Gunnarr biðr þar nökkura hrið, ok kemr Ljótólfr eigi heim. Karl elr á málit, at Gunnarr myndi til hans fara — „ok mun arka at auðnu um sættir með okkr Ljótólfi“. Gunnarr ræðst nú til Upsa með Karli, ok nökkurir menn með honum. Litlu síðar kom Ljótólfr heim, ok er nú kyrt of vetrinn. Austmaðrinn fór jafnan

*yfir* til Hofa um vetrinn, at leita um sættir með þeim Karli ok Ljótólfi, ok kom hann því á leið, at sættarfundr var lagðr með þeim niðr á Brekku hjá Grafarhúsum. Til þess fundar kom Skiði ok Yngvildr fögrkinn. Ok þá er mjök var ráðin sættarstefna með þeim Karli ok Ljótólfi, þá mælti Yngvildr, at seint myndi verða fult skarð í vör Skiða, ef sjá sætt skyldi takast. Skiði mælti: „Mæl þú allra kvenna örmust ok veslust“. Gunnarr segir: „Oft stendr ilt af tali kvenna, ok kann vera, at af hljótist þessu tali, sem þá verst hefir af hlotizt“. Var nú lokit öllum sættum ok skildust ósáttir.

26. Óláfr kom nú vestan ór Óláfsfirði til Upsa, ok beiddi Karl, at synir hans myndi fara með honum, því at hann mæðist mjök fyrir aldrs sakar. Fóru þeir nú heim með honum, Þórðr ok Vermundr, ok váru þeir ekki með Karli síðan.

Um várit bjoggu austmenn skip sitt, þar til er þeir váru búnir, enn Gunnarr var at Upsum. Þat var einn morgin, er þeir váru úti Karl ok Gunnarr, ok horfði Karl upp í himininn, ok fór annarr litr í hann, enn annarr ór. Gunnarr frétti, hví hann væri svá litverpr. Karl segir: „Lítit bragð mun á því vera, enu fyrir mik bar nökkut“. „Hvat var þat“? segir Gunnarr. „Ek þóttumst sjá Klaufa frænda

minn ríða í loftinu á grám hesti, ok dragnaði þar eftir sleði; þar þóttist ek sjá ykkur austmenn mína ok sjálfan mik í sleðanum, ok skögðu út af höfuðin, ok get ek mik þá litum brugðit hafa, er ek sá þetta“. Gunnarr segir: „Ekki ertu svá mikill fyrir þér, sem ek ætlaða; sá ek þetta alt, ok hygg þú at, hvárt ek hefi nökkt litum brugðit“. „Ekki sé ek þat“, segir Karl. Enn þá er þeir ræddu þetta, kvað Klaufi í loftinu:

(16) Mikit mun mönnum þykkja  
 margr sér þar til bjargar  
 svá greiðisk lok lýða  
 „langr heimfjöturr“ þangat  
 koma mun sáð um síðir  
 síð hykk at þat líði  
 jafnt lætk við ský skrimta  
 „skin grams“ ok ríð framsi  
 ok ríð framsi.

Ok enn kvað hann:

(17) Kól aldrigi Ála  
 éldrauga „ske“ vélum  
 beit á seggja sveitum  
 svimmk nú við ský grimmum  
 svimmk nú við ský grimmum.

Ok þá mælti hann, svá at þeir heyrðu báðir: „Heim ætla ek þér með mér í kveld, Karl frændi“. Þá mælti Gunnarr, at þeir myndi til skips um daginn. Karl mælti: „Ekki er ant um þat, því at ekki er byrlegt“. Gunnarr lét

eigi letjast. Karl gekk til Þorgerðar konu sinnar, ok segir henni: „Nú mun ek flytja austmenn mína til skips í dag, enn ek mun segja þér, hversu háttu skal, ef ek kem eigi heim í kveld, því at eigi veit, hverju heilli heiman er farit“, — hann segir henni fyrirburðinn — „verði nú svá, at ek látumst, þá vil ek, at þú færir bygð þína upp á Grund, ok hefir mér alt þyngra fallit, síðan ek fór þaðan; ek vil láta færa mik yfir á þá, er hér er úti á ströndinni, ef ek látumst á fundi okkar Ljótólfs; þykki mér þar gott tilsýni, ef skip sigla út eða inn eftir firðinum; ek vil þú látir heita eftir mér, ef þú átt svein, því at eigi ertu kona heil, ok vænti ek, at nökkur heill fylgi“. Þorgerðr mælti: „Gjarna vilda ek, at þú færir hvergi, ok er mér ekki at skapi fyrirburðr sjá“. Karl segir: „Ekki verðr at gert; svá verðr at vera, sem vera vill“. Eftir þat búast þeir heiman Karl, Gunnarr, Svarthöfði ok Ögmundr; tveir váru austmenn aðrir enn Gunnarr. Var Karl við séttu mann. Ok er þeir kómu ofan á hólana fyrir neðan Brimnessá ok til dælar þeirar, er ofan er ok suðr frá ánni, þá spretta þar upp fyrir þeim þrír tigur manna; var þar Ljótólfr. Tókst þar bardagi mikill ok harðr. Þá mælti Ljótólfr: „Grið viljum vér gefa austmönnum“. Gunnarr mælti: „Annathvárt munu vér allir hafa grið

eða engi“. Ok er þeir höfðu barizt lengi, þá gátu þeir gert Karl fráskila sínum mönnum, ok sækja sjau at honum, enn hann hörfar undan, þar til er hann kom til Hyltinganausta; þá feldi hann þá alla, er hann sóttu, ok þá kom Skiði at við tólfta mann. Karl hljóp upp á naustit. Skiði mælti: „Þat er vel Karl, at vit höfum hér fundizt“. „Eigi lasta ek þat“, kvað Karl, „ok kann ek drengskap þínum, at þú munt vilja sækja einn at mér, ok er þat þá nökkurr frami; enn ef þú sækir mik með fleirum mönnum, þá þykki mér þú eigi enda skildagann við Yngvildi, þann er þú hézt, áðr enn þú fekt hennar, ok þykki mér því at eins skarðit fult í vör þinni, ef þú berr af mér einn“. Skiði mælti: „Njóta mun ek nú liðs munar, ok mun nú verða at leggja til slíkt hverr, er sýnist; kalli sá fult skarð Skiða, sem þat vill, enn sá öðruvís, er svá vill mæla“. Nú veita þeir Karli atsókn, enn hann verst vasklega, ok drap þrjá menn Skiða, enn særir flesta sem eftir váru; létu þeir eigi fyrr enn þeir drepa Karl. Þeir Ljótólfr ok austmennirnir berjast í öðrum stað, ok falla þeir fyrir Ljótólfi allir, ok svá Svarthöfði ok Ögmundr, fylgdarmenn Karls; höfðu þeir drepit hálf t lið Ljótólfs. Ok eftir þat fór hann heim. Ok er þetta fréttist til Upsa, þá lætr Þorgerðr færa Karl ok austmennina upp til Karlsár, ok váru þeir þar lagðir

í skip ok fé mikit með þeim, ok heitir þar at Karlsá síðan.

27. Eftir þessi tíðendi færir Þorgerðr bú sitt upp á Grund, ok hefir þó annat bú at Upsum.

Nú liðr á sumarit. Frá því er nú sagt, at Þorgerðr kennir sér sóttar, ok elr hon sveinbarn; er sjá sveinn nefndr Karl eftir föður sínum; hann vex þar upp, ok er snemma mikill vexti, ok er hann var nökkurra vetra gamall, þá óxu þó eigi mikit vitsmunir hans; hann mælti ekki orð, ok því var hann kallaðr ómáli, ok ekki maðr eindæll.

Þorkell Skíðason fór þá heim til föður síns, ok vaxa þeir þar upp allir bræðr, synir Skíða, ok eru efnilegir allir.

Nú liðr svá fram nökkura vetr, at ekki gerist til tíðenda. Ljótólfr amast ekki við bygð Þorgerðar, ok hefir einn mannvirðing alla. Karl Karlsson vex upp með móður sinni, þar til er hann er tólf vetra gamall, ok töluðu þat flestir, at hann væri fífl. Þorgerði óhægðist fjárhagrinn mjök, því at hon hafði mjök í kostnaði; váru verk jafnan litil, enn engi fyrir til umsýslu utan stokks. Þat var því næst, at hestaþing var nefnt uppi fyrir Tungugerði; skyldi þeir etja hestum Ljótólfr ok Þorkell Skíðason; mörgum var þar öðrum hestum til mælt, þó at þeir menn sé eigi nefndir, er þá

áttu. Á Grund váru rekin at hross um daginn, þau er menn skyldi riða; þar var eitt hross þrevett ótamt; þat var svá mikit sem þau er stærst eru, ok fax á mikit. Karl ómáli var úti, er hrossin váru heim komin; hann sá hross hit ótamda, ok hleypr á, ok þrífr taglit; hann less sik fram með, ok fær þrifit hálsinn, enn þat ædist við, ok hleypr víða um völlinn. Karl fylgir vel, ok léttir eigi fyrr, enn hann komst á bak, ok krækir fótum niðr undir kviðinn, enn heldr í faxit; hrossit hleypr aftr ok fram, til þess er þeir eru búnir sem fara ætla. Þá reið Karl með þeim upp eftir hólunum; hljóp þá hrossit ýmist fyrir þeim eða eftir, ok gerðu menn óp mikit at honum. Upp koma þeir til manna mótsins; hleypr Karl af baki hrossi sínu, ok settist niðr einn saman; þar hafði maðr kastat niðr glófum ok lá hjá öx silfrrekin. Karl tók upp ok leggr í kné sér hvárttveggja; hann strauk einatt öxina; ekki gekk hann til hestavíga. Enn Þorkell Skíðason hafði þessu þar niðr kastat, ok er lokit var hestavígum, litaðist hann um, hvar hann hafði lagt handagervi sína, ok þá sá hann, hvar Karl sat ok strauk öxi hans. Gekk Þorkell þá at honum, ok mælti: „Þykki þér öxin góð, Karl?“ Hann þagði, ok leit frá honum út. „Sjá þykkjumst ek, at þér þykki góð öxin, ok ræð ek þér, at þú þiggir öxina ok glófana með í föðurbætr“.

Karl spratt upp ok kastaði frá sér öxinni, ok kom í stein, ok brotnaði ór allr muðrinn, ok settist niðr annars staðar. Þorkell gekk til Ljótólfs, ok sýndi honum, hversu afglapi sjá hafði leikit öxina, — „ok hefir hann nú sýnt, hvat fóli hann er“. Ljótólfr segir: „Heimskr sýnist yðr hann vera hjá yðr, enn mér lízt hann yðr hygnari, ok svá mun reynast“. „Þetta hefir þú aldri fyrr mælt“, segir Þorkell. „Ekki hefi ek orð lagit til þess“, segir Ljótólfr. „Þetta skal reyna“, segir Þorkell, „hvárr okkarr vitrari er; ek hefi hér þrjár merkr silfrs, er ek ætla at bjóða honum í föðurbætr, ok hefi ek þat at marki, at hann er fifl, ef hann þegir við, enn ef hann svarar, þá er hann ekki jafnheimskr sem hann lætr“. „Freista máttu, ef þú vill“, segir Ljótólfr, „enn ráðlegra þætti mér, at þér ættið ekki við hann, meðan hann talar eigi til yðar“. Þorkell segir: „Freista mun nú verða um sinn“, — ok gengr Þorkell þar at, sem Karl sitr, ok hefir sjóðinn í hendi ok réttir at honum, ok mælti: „Viltu fé, Karl“? — enn hann þagði við; hann spurði annat sinn hins sama. Karl svarar: „Viltu fé, Karl“? Þorkell segir: „Þat vissa ek, at þú myndir mæla kunna; ek vil nú gjalda þér fé þetta í föðurbætr — þrjár merkr silfrs“. Karl tók við, ok setti sjóðinn á nasar Þorkeli svá fast, at brotnuðu

tvær tennr ór höfði honum, ok stóðu blóðbogar ór andlitinu, ok gekk Þorkell á brott við svá búit, enn Karl fór til sinna manna, — ok er Ljótólfr sér þetta á honum, spyr hann, hví hann er svá. Hann segir: „Karl ómáli laust mik með sjóðnum“. Ljótólfr segir: „Þér var engi þörf at eiga við hann, ok munu þit ekki jafnir menn reynast, ef þit skulut nökkut við eigast“. Nú hlaupa menn í tvá staði, ok ríða síðan heim af hestaþinginu. Þeir Karl ríða, þar til er þeir koma út yfir á. Þá nam Karl staðar ok mælti: „Hverir munu þeir vera með þingmönnum mínum, ef ek þarf nökkurs við, at mik stoði“. Þeir spurðu, hvers hann beiddist. Hann sagði: „Ekki meira enn eins dags verk, þá er ek kref yðr til, enn yðr skal ekki í skaða“. Þeir svara: „Hvat muntu fram leggja at verkalaunum“? Hann mælti: „Hundrað silfrs mun ek fá hverjum yðar, ok mun ek kjósa dag til, nær þér skuluð vinna mér; mun ek þá gera yðr vara við“. „Varði oss þess“, sögðu þeir, „at þú myndir góðr drengr vera, enn ekki kom oss þat í hug, at þú myndir svá mikit verkkaup gefa á einum degi, ok viljum vér þat gjarna, eða hversu margir viltu at vér sém“? „Eigi færi enn átján“, segir hann, „ok mun ek afgreiða yðr féit, þá er þér vilið, enn ráðit kalla ek kaupit“, segir hann. Þeir játa nú þessu, ok skildu við svá búit, ok reið Karl

á Grund; ok sat þar of vetrinn, þar til er váraði. Þá sendi hann eftir þeim bræðrum sínum Þorgrími, Þorsteini ok Þorvaldi, ok er þeir kómu, fagnar Karl þeim vel, ok þá lætr hann breiða út eina öldungs húð mikla, ok steypir þar niðr á gulli ok silfri, því sem innan veggjar var, því at þeir bræðr vildu skifta láta, ok þótti þeim horfa til auðnar, ef eigi væri skift. Karl stóð hjá, meðan þeir skiftu, ok lagði ekki til, enn þá er skift var, rótaði Karl saman fénu, ok lagði ekki til, ok gekk brott þegjandi. Þeir spurðu, hví hann gerði svá, enn hann þagði. Þeir skiftu þá aftr, enn Karl rótaði jafnan saman. Þá spyrja þeir enn, hví hann gerði svá, — „ok vilju vér, at þú skiftir, enn vit kjósim“. Karl kvað eigi svá vera skyldu. „Hvat þá?“ segja þeir. Karl segir: „Þit skuluð gera annathvært, hafa fé alt ok hefna föður várs, eða ek mun hefna hans, ok hafa fé alt, eftir því sem þá fellr auðna til, ok skuluð it ór öllum vanda þar um“. Þeir kusu heldr at hafa ekki af fénu, ok fara þeir bræðr heim, ok liðu nú studir.

28. Nú heimtir Karl at sér menn þá alla, sem honum höfðu verkum heitit. Brugðu þeir skjótt við, ok ætluðu, at þeir myndi eiga at fara til verks nökkurs, ganga at garðlagi eða húsan, fyrir því at mart hús var komit at falli. Enn er þeir kómu, tók Karl vel við þeim, ok

váru þeir þar um nóttina. Um morgininn er Karl snemma á fótum, ok bað menn upp standa, ok er menn váru klæddir, bað Karl þá ganga til dagverðar — „ok vil ek þér gangit svá til verka“. Þeir játtu því. Hann var frammi, á meðan þeir mötuðust, ok berr út í tún alls konar herklæði. Ok er þeir koma út, sjá þeir, at Karl er herklæddr; skaut þeim þá skelk í bringu, ok vildu nú gjarna hafa öngu keypt. Þeir stigu nú á hesta sína. Veðri var svá farit, at þoka var svá mikil, at hvergi sá bæja í milli. Karl riðr nú suðr ór garði ok upp á hóla, ok allir þeir eftir honum. Hann riðr þar til er hann kemr í Skíðadal á Möðruvöllu; þat var snemma morgins, ok var Yngvildr eigi upp risin. Karl riðr at húsabaki, ok segir at þeir skyldu bíða hans þar. Riðr Karl at dyrunum, ok gengr griðkona ein út. Karl frétti, hvárt Skíði væri heima. Hon kvað hann farinn upp til rétta undir hlíðina — „ok þar eru synir hans“. „Er Yngvildr heima?“ segir Karl. „Hon er í rekkju sinni“ segir hon. Karl riðr nú ok þeir förunautar hans til réttanna, ok handtóku þeir þá feðga þegar, ok leiða heim í tún. Síðan gekk Karl inn í bæ, ok biðr Yngvildi upp standa. Hon stóð upp ok vildi klæðast, ok komst ekki nema í serk sinn. Karl tók í hönd henni ok leiddi hana út í tún, ok setti niðr einhvers staðar í túninu; hon var faldlaus, ok

hafði hárit bæði mikit ok fagrt. Karl brá þá sverði ok mælti til Ingvildar: „Hversu mikit er nú skarðit í vör Skiða?“ „Nei“, segir hon, „aldri er þar nú skarð“. Hann tók þá Þorkel son þeira hinn elzta, ok hjó höfuð af honum, gekk síðan til Ingvildar ok spurði, hvort fult væri skarðit í vör Skiða. Hon kvað þat fult með öllu. Tók hann þá annan son hennar, ok hjó af honum höfuðit. Hann gekk til hennar ok spurði hins sama. Hon kvað ekki skarð í vera ok svaraði hinu sama. Hann tók þá hinn yngsta son þeira, Björn, ok hjó höfuð af honum; gengr síðan til Yngvildar, ok þerrir sverðit eftir miðri skyrtu hennar, ok spyrr, hvárt fult væri skarðit í vör Skiða. Hon segir, at hann þyrfti ekki jafnan at klifa hins sama — „ok hefir þat allvel gróit“. Hann gekk þá at Skiða ok spurði, hvárt hann vildi þiggja líf at sér. Hann kvaðst þat gjarna vilja þiggja — „þó at ek þæga at miklu verra manni“. Karl mælti: „Þá máttu fara hvert er þú vill, enn ek mun taka upp bú þetta, ok mun ek fá þér fararefni, svá at þú megir fara hvert er þú vill, enn eigi vil ek at þú finnr Ljótólf“. „Hvat leggr þú þá til?“ segir hann. Karl segir: „Þú skalt fara utan á einhverju skipi, enn ek mun fá þér fé þat, er mér sýnist“ — hann fekk honum tvá hesta, ok mælti: „Þú skalt fara upp ór garði ok svá vestr; far sem ek kenni þér, ella

mun ek gera til þín ok drepa þik“. Skiði fór nú sem Karl bauð honum, til þess er hann kom suðr á Eyrar, ok fór utan; ok er hann fyrst ór sögunni. Karl tók upp búit ok færði á Grund. Hann lét Yngvildi fara með sér, ok setti hana sér hit næsta. Jafnan gekk Karl með bert sverðit, þat sem hann hafði vegit sonu hennar með, ok spurði hana jafnan, hvárt fult væri skarð í vör Skiða. Hon kvað þat aldri jamfult hafa verit sem nú.

Karl sat á Grund þann vetr. Ljótólfr lét sem hann vissi eigi, hvat fram hafði farit. Ok um vetrinn réðu vinir Karls honum, at færa bygð sína af Grund, ok þótti seta hans þar óvarleg, svá nærri Ljótólfi, ok báðu hann fara til Upsa, ok svá gerði hann. Karl bjó at Upsum einn vetr, ok tók mjök at þverra fjárkostr hans. Móðir hans spyrir hann at, hversu hann ætlar til um bú sitt, enn hann gekk undan þegjandi. Einn dag um várit gekk Karl á brott, ok hafði heim hest sinn ok riðr upp til Hofa. Ljótólfr var í hvilu. Hann drap á dyrr, ok gekk út verkkona ein; hon heilsaði Karli ok spurði, hvert hann skyldi fara. Hann kvaðst eigi lengra mundu fara at sinni, ok frétti, hvárt Ljótólfr væri heima. Hon kvað hann heima vera — „ok far þú á brott hvatlega, því at hann vill öngvan mann feigara enn þik“. „Ek vil þó finna hann“, kvað Karl, „ok seg ek biðja

hann út ganga“. Hon gengr inn ok kallar á Ljótólf, ok segir, at Karl ómáli vill finna hann. „Hversu margmennr er hann?“ segir Ljótólfr. Hon kvað hann vera einn saman. Margir menn stóðu upp ok vildu ganga út með honum. „Eigi þurfið þér upp at hlaupa“, segir Ljótólfr, „ek vil einn ganga út ok vita, hvat hann vill“. Nú gengr Ljótólfr út, ok heilsar Karli. Hann tók því vel. „Hvat viltu mér Karl?“ segir Ljótólfr. Karl segir: „Ek vil at þú gangir á götu með mér, því at við þik er erindit“. Ljótólfr mælti: „Eru nökkurir með þér?“. „Ek er einn saman“, segir Karl. „Skamt mun ek fara“, segir Ljótólfr, „því at ek á litt vanda til at leiða menn á götu, allra helst, ef eigi eru vinir mínir“. Karl veik hestinum ofan fyrir hlaðit. Ljótólfr gekk með honum ofan til árinna ok út með ánni til Þingavaðs. Hann kvaðst ekki mundu fara lengra — „ok lúk erindum þínum“. Karl segir: „Ek vil at þú takir við öllu fé mínu, löndum ok lausum aurum, ok haf ávöxtu af, ok far með, sem þú eigir, þar til sem ek kem aftr“. „Hvat ætlar þú fyrir þér?“ segir Ljótólfr. „Ek ætla utan“, segir Karl. „Margir eru aðrir menn til at taka við fé þínu, ok er eigi víst, at þú náir, þá er þú vill“, kvað Ljótólfr. Karl segir: „Því hefi ek þessa leitast, at mér þykkir mitt hvergi betr komit, enn hjá þér“. Ljótólfr segir: „Undar-

legr maðr ertu, Karl, enn þó vil ek þessu játa, at taka við fé þínu, ok mun þat flestra manna mál, at þú verðir heimskr af þessu“. Þrjá vetr var ráðit umboð Ljótólfi, ef Karl kæmi eigi fyrr til, enn laust, þegar er hann kæmi til. Hann riðr nú heim ok segir móður sinni þessa ráðagerð. Hon svarar: „Þá verðr þér ilt til manna, at varðveita fé þitt, ok er þat vænna, at þú náir aldri“. Karl segir: „Ek sé fyrir því, enn ekki þú“.

29. Nú riðr Karl vestr til Skagafjarðar, ok kaupir skip, er uppi stóð í Kolbeinsárósi, at þeim manni, er Bárðr hét, ok gerði félag við hann, ok rézt til skips, þegar er hann var búinn. Hann lét fara með sér Yngvildi fögrkinn, ok gerði hann þat til skapraunar við hana, enn eigi fyrir ræktar sakar. Eftir þat sigla þeir í haf, ok kómu við Þrándheim. Bárðr spyrr, hvat Karl ætlar fyrir sér. Karl segir: „Ek vil afla mér fjár, því at langt er sumars eftir. Ætla ek at halda til Danmerkr“. Bárðr segir: „Þat likar mér vel, ok vil ek fara með þér“. Halda þeir nú til Danmerkr, ok kómu þar síð um haustit, ok er þeir hafa skamma stund þar verit, kómu tveir menn af landi miklir og illilegir, ok er þeir koma í kaupstefnu, fréttu þeir, hvárt nökkurr hefði ambátt at selja þeim. Karl spurði, hvat þeir myndi við gefa. „Þat sem vill“, segja þeir. Karl

segir: „Á ek ambátt, ok mun ykkur dýr þykkja, ok eigi veit ek, hvárt þit getið þjáð hana, því at hon er óvön verknaði“. Þeir kváðust þat mundu ábyrgjast — „ok met þú hana“, segja þeir. Karl segir: „Hon skal vera fyrir þrjú hundruð silfrs“. „Þess þyrfti“, segja þeir, „at hon ynni mikit ok vel, svá dýr sem hon er, ok vilju vit sjá hana“. Karl gekk á skip út, ok bregður sverði, ok spyr Yngvildi, hvárt fult væri skarð í vör Skiða. Hon segir þat aldri jamfult verit hafa sem nú. „Þú skalt ganga á land með mér“, segir hann, ok tók í hönd henni ok leiddi hana upp ok sýnir þeim ambáttina. Þeir kváðust enga ambátt jamfagra sét hafa. Þeir töldu honum nú silfrit. Karl mælti: „Þat skil ek til, at kaupa hana því líku verði, ef mér sýnist“. Þeir segja: „Ekki muntu í raun koma um þat, ok er þat líkara, at vér sjámst aldri“. Síðan gengu þeir á brott með hana, enn hon sperðist við, ok tók annarr í hár henni ok leiddi hana, enn annarr hafði svipu í hendi ok keyrði hana. Karl gengr til skips. Bárður spyr, hvat hann vildi at þeir legði fyrir sik. Karl segir: „Hér munu vér í vetr vera“. — Bárður spyr at vári, hvat hann vill at hafast. Hann segir: „Spurt hefi ek til vikings þess, er Björgólfr heitir; hann hefir langskip mörg ok lið vandat; því vil ek fara í sveit með honum, ok afla svá fjár ok frægðar“.

Bárðr segir: „Þá munum vit skilja félagit, fyrir því at ek er engi hermaðr“. Karl mælti: „Þú skalt fara með skip okkart, sem þú eigir, enn er vit finnumst, geru vit sem okkr sýnist“. Skiljast þeir nú góðir vinir, ok fór Karl leiðar sinnar.

30. Svá er sagt, at Karl fekk sér eina róðr-arskútu, ok heldr suðr með landi, þar til at þeir koma at einni ey. Þar var Björgólfr fyrir. Karl rær at skipunum ok spyr, hvern fyrir réði. Einn maðr gekk út á vígit, ok sagðist hann heita Björgólfr — „eða hvat heitir þú?“ Hann kvaðst Karl heita. „Hvaðan ertu af löndum?“ segir Björgólfr. „Ek er af Íslandi“, segir Karl. „Hvert ætlar þú at fara?“ segir Björgólfr. Hann segir: „Ek hefi nú sótt mitt erindi, er ek hefi þik fundit, ok vilda ek ráðast í föruneysi með þér, ok afla mér svá fjár“. Björgólfr tók við honum, ok gengr Karl á skip, ok setr Björgólfr hann hit næsta sér. Þeir halda síðan í Suðrriki ok herjuðu víða um lönd, ok hafa sigr, hvar sem þeir koma; liggja þeir svá tvá vetr í víkingu. Eitt sinn mælti Karl við Björgólfr: „Nú mun ek létta hernaði ok fara norðr í lönd“. Björgólfr segir: „Þú munt ráða, enn gjarna vilda ek, at vit skildim eigi, því at ek hefi öngvan slíkan dreng reyndan sem þik“. Nú fara þeir báðir til Danmerkr, ok sitr Karl þar um vetrinn. Enn um várit

kaupir hann knörr mikinn, ok á einn saman farm allan. Ok er hann var mjök búinn, sér hann hvar tveir menn ganga ok leiða konu millum sín; þar kennir hann kaupnauta sína ok Yngvildi, ok hekk annarr trefill á bak enn annarr í fyrir. Þeir sögðu Karli: „Hér fóru vit með ambátt þá, er þú seldir okkr, ok höfu vit öngu kaupi verr keypt. Vit börðum hana aldri svá, at hon vildi vinna fyrir okkr, ok vilju vit nú gjarna selja þér hana aftr“. Karl segir: „Ek vil ok nú kaupa hana“. Hann taldi þeim jammikit silfr, sem þeir fengu honum, ok leiddi hana til skips, ok lét gera henni laug, ok klæddi hana góðum klæðum, ok gerði hana sæla, sem þá er hon var sælst. Eftir þat heldr hann til Íslands ok kemr skipi sínu í Svarfaðardalsárós, ok færir varnað sinn til Upsa. Bú hans hafði þar staðit, meðan hann var utan. Urðu menn fegnir mjök hans heimkvámu. Hann reið nú til Hofs ok hittir Ljótólf goða. Ljótólfr fagnar honum nú vel, ok spyrr, hvert hann ætlar at fara. Hann kvaðst eigi lengra fara mundu — „vil ek nú taka við fé mínu“. Ljótólfr segir; „Hefir þú eigi með tekit áðr ok sezt í búit?“ Karl segir at öngu væri eytt at svá búnu, — „ok muntu nú skifta af þínum hlut, því at ek veit, at þú munt eiga búit at helmingi eða meir“. Ljótólfr segir: „Þat þykki mér ráð, at í vár sé skift féinu, ok vil ek, at

þú farir með, sem þú eigir“. Karl mælti: „Þá mun verra verða, því at eyðast mun nökkut þar til“. Verðr nú sem Ljótólfr vildi, ok skilja þeir, ok fór Karl heim til Upsa, ok sat þar of vetrinn með fjölmenni.

At liðnum vetri reið Karl til Hofa, ok hitti Ljótólfr. Hann spyr, hvat Karl vildi. „Ek vil at vit skiftim féinu“. segir Karl, „ok er nú óhægra, enn næst, þá er ek beidda, því at ek hefi eytt miklu fé í kostnaði í vetr“. Ljótólfr sagði: „Hvat ætlar þú fyri þér, ef féinu er skift“? „Ek ætla utan“, segir Karl, „því at mér er litt hent búit“. Ljótólfr mælti: „Hverr skal þá hafa umboð þitt, meðan þú ert á brottu“. Karl segir: „Þér hefi ek ætlat, ef þú vill“. Ljótólfr segir: „Þá þætti mér eigi skifta þerfu, enn kynlegt er, at þú vill jafnan fá mér í hendr fé þitt, því at óvíst er, hvárt ek verð jafn drengr í hvert sinn“. „Hversu sem þat ferr“, segir Karl, „þá mun ek mitt umboð þér í hendr fá“. „Eigi þarf þá at skifta“, segir Ljótólfr — ok tekr hann við umboði Karls í annan tíma.

31. Nú riðr Karl heim ok lætr búa skip sitt, enn er hann er búinn, leiddi hann Yngvildi fögrkinn til skips með sér, ok váru skapsmunir hennar hinir sömu. Karl helt í haf, ok gaf vel byri, ok tóku Þrándheim. Var Karl þar of vetrinn. Enn um vartit helt hann til

Svíþjóðar. Ok er hann kemr í einn kaupstað, kom einn maðr af landi ofan, mikill ok illilegr, ok falar ambátt, ef til væri. Karl mælti: „Ek hefi at selja, ok mun þér dýr þykkja, — eða hvat heitir þú“? „Rauðr heiti ek“, segir hann, „ok met þú ambáttina“. Karl segir: „Sex hundruð silfrs“, — ok þessu kaupa þeir; — „ok þykki mér því betr“, segir Karl, „sem þú gerir hana vesalli“. Síðan gengr Rauðr á land upp með hana, enn Karl ferr í kaupferðir til ýmissa landa, ok var þrjá vetr í þessarri iðju. Karl var of vetrinn í Noregi, ok fór um kaupstefnu þangat, sem Haleyri heitir. Ok einhvern dag gengr maðr af landi ofan, ok leiðir eftir sér konu svá nökta, at aldri beið á henni riðanda ræxn. Hon var alblóðig. Karl frétti, með hvat hann færi. Hann svarar: „Þetta er ambátt ill ok aum, er ek keypta hinn fyrra dag; enn þessi ambátt ferr mjök at kaupum, ok þykkist sá betr hafa, er lausa lætr, enn hinn, er við tekr“. Karl mælti: „Hvat heitir þú“? Hann segir: „Ek heiti Brynjólfr“. „Þú munt gera ambáttina fala“, segir Karl. Brynjólfr mælti: „Eigi nenni ek at selja hana með afföllum; mun ek heldr kvelja hana til dauða“. Karl kaupir nú ambáttina, ok telr honum fyrir hana sex hundruð silfrs ok leiðir hana til skips, ok var þar nú Yngvildr fögrkinn. Hon lagði þá hendr um háls Karli, ok grét

mjök, enn þat hafði hann aldri fyrr sét, at henni hefði nökkurs fengit, hvat sem at henni hafði borizt. Karl lætr gera henni laug, ok fá henni góð klæði. Þá gekk Karl til tals við hana, ok brá sverði því, er hann hafði vegit með sonu hennar, ok spurði, hvárt fult væri skarðit í vör Skíða. Hon segir þat aldri fult mundu verða. „Þá mun ek af leggja heðan af, at gera til þín, ok svá mynda ek fyrr gert hafa, ef þú hefðir þetta fyrr mælt. Skal ek nú færa þik Skíða bónda þínum, því at ek veit, hvar hann er niðr kominn“. Þegar er byr gaf, siglir Karl til Írlands, ok hefir frétt af, hvar Skíði var fyrir. Hann var þar genginn á land upp at berjast við Íra. Hafði hann þá unnit mikinn hlut af Írlandi, ok ætlaði, at nú skyldi til skarar skriða með þeim. Karl kom þar at landi, sem Skíði var fyrir; ok þá er Karl kom til orrustu, var Skíði búinn at flýja. Gengr Karl þegar í lið með Skíða ok hans menn, ok berjast þann dag allan, ok gekk Karl jafnan í gegnum lið Íra, ok er svá sagt, at hann feldi höfðingja þann, er fyrir því liði var, er Skíði hafði barizt við, ok nálega alt þat lið. Eftir bardagann gengr Skíði at Karli, ok spyrr, hverr honum hefði lið veitt. Hann segir: „Þessi maðr hefir verit óvinr þinn, ok heiti ek Karl, son Karls hins rauða, ok var þat mest erendi

mitt hingat, at veita þér lið, ok bæta þér svá sonu þína“. Þá fagnaði Skíði honum vel, ok bauð honum allar sæmdir með sér at þiggja — „ok eigi vanstu þat framar, enn þú áttir, at drepa sonu mína, þó at þú hefndir föður þíns“. Karl segir: „Hér hefi ek Yngvildi fögrkinn, konu þína“. Skíði segir: „Ek vil eigi, at hon komi í augsyn mér; ek hefi eigi verra verk unnit, enn þat er af henni hlaut, er ek drap föður þinn“. Þar var Karl of vetrinn. Enn Yngvildi var fengin önnur vist.

32. Um várit býst Karl af Írlandi með miklum sæmdum, er Skíði veitti honum, ok skildust góðir vinir. Hafði Karl Yngvildi með sér, ok helt skipi sínu til Noregs; var þar vetr annan. Síðan helt hann til Íslands, ok kom skipi sínu í Svarfaðardalsárós. Stóðu bú hans at Upsum ok annat at Grund, ok höfðu kvikféin mikit fram gengit at hvárutveggju búinu. Karl reið upp til Hofs. Fagnaði Ljótólfr honum vel. Karl mælti: „Nú er hér komin Yngvildr fögrkinn; vil ek at þú takir við henni; máttu nú gifta hana hverjum, er þú vill, því at engum mun hon nú of stór þykjast“. Ljótólfr segir: „Þar er sú kona, er ek vilda aldri sjá, því at þat verk hefi ek verst unnit, er af henni leiddi, þá er ek lét drepa föður þinn“. Karl segir: „Nú vil ek, at þú skiftir fé með okkr; vil ek taka við jafnmiklu, sem þú tókt

af mér, enn ek ætla þér ávöxt þann, er orðit hefir“. Ljótólfr mælti: „Þat eina stendr saman at Upsum ok at Grund, at ek ætla mér ekki af“. Karl segir: „Gott þykki mér, at þiggja sæmdir af þér; sé ek, at þú gefr mér allan ávöxtinn“. Ljótólfr mælti: „Ríð nú til Upsa; ok tak þar við þúi þínu“. — Síðan sættust þeir heilum sáttum, ok heldu vel sína vináttu. Reið Karl til Upsa. Ljótólfr tók við Yngvildi fögrkinn, ok kunnu menn þat eigi at segja, hvárt hon hefir gift verit, enn sumir segja, at hon hafi tortímt sér af óyndi. Ljótólfr bjó at Hofi, þar til er hann lézt, ok fanst hann í ópokkadæl nökkurri á ofanverðum vellinum, ok stóð í gegnum hann saxit, er gert var ór sverðinu Atlanaut, er Klaufi átti, ok Ljótólfr fekk eftir bardaga þeira Karls hins rauða. Ljótólfr var færðr suðr ok ofan á völluminn.

Yfirgangr Klaufa gerðist svá mikill, at hann meiddi bæði menn ok fé. Karli þótti mikit mein á um Klaufa frænda sinn, er hann gekk aftr, ok fór til haugs hans, ok lét grafa hann upp; var hann þá enn ófúinn; hann lét gera bál mikit á steini þeim, sem var fyrir ofan garð á Klaufabrekkum, ok brenna hann til ösku. Karl lét gera blýstokk ok koma þar í öskunni, ok rekr á tvá járnhanka; síðan sökti hann

stokknum í hver, sem er fyrir sunnan garð á Klaufabrekkum. Steinn sá, er Klaufi var á brendr, stökk sundr í tvá hluti. Varð nú aldri mein at Klaufa síðan.

Karl sat at Upsum lengi ævi, ok er þat sumra manna sögn, at hann hafi utan farit ok aukit þar ætt sína, enn fleiri segja, at hann hafi átt Ragnhildi Ljótólfsdóttur, ok mörg börn með henni. Böggvir hét son hans, er bjó á Böggvisstöðum; annarr Hrafn, er bjó á Hrafnstöðum; Yngvildr hét dóttir hans, er bjó at Yngvildarstöðum. Enn er eyddist fé fyrir Karli, þóttist hann eigi búa megu at Upsum fyrir kostnaðar sakar, ok sakar Ljóts Ljótólfssonar. Ljótr tók við manna forræði eftir föður sinn, ok bjó at Völlum. Tók þá at greinast með þeim Ljóti ok Karli, ok vildi Karl víkja brott ór dalnum, ok segja menn, at hann hafi farit til Óláfsfjarðar, ok setti þar bæ sem heitir at Karlsstöðum, ok bjó þar til elli, ok þótti hinn beztu drengur.

Margir menn eigu at telja til Karls hins unga, enn Ljótr hafði manna forræði um allan dalinn.

Böðvarr hyggju vér at búit hafi at Urðum, son Eyjólfis breiðhöfða, er Urðamenn eru frá komnir; Eyjólfur breiðhöfði var son Þorgils mjöksiglanda.

Margar eru sögur af valla-Ljóti, ok var hann hinn mesti höfðingi. Ljótr lét drepa Eyglu-Halla, frænda Karls unga. Ok lýkr hér nú Svarfdæla sögu, með þvílíku efni.

---

---

## Vísaskýringar.

1 (Óvís höf.). Hykk at sá heiti Hrolfr nefglita, es býðr at verja Klaufa konu. Munattu, boggvir, njóta brúðar, nema þú nemir nefglitu lífi.

Vísan er auðskiliu, enn kemr í bága við frásögn sögunnar.

Eg hygg at sá heiti Hrólfr nefglita, sem býðr að varna þess, að Klaufi fái konunnar. Muntu eigi, boggvir, njóta brúðar, nema þú vegir (Hrólf) nefglitu.

2 (Óvís höf.). . . . . Hrólfr nefglita hlær mest at því, nærgi es vér gjöldum þetta greppi.

Þetta virðist vera síðari helmingr vísu, enn ekki er ljóst, hver hugsunin er, af því að svo mikið vantar í vísuna. Enn orðin eru auðskilin; *nærgi* = nær sem.

3 (Karl hinn rauði). Ek veit at seggir sátu inni. Ljótólfr, sá es leiðir lof, ræðr fyr óskjóta<sup>1</sup> — slíkt es minnilegt. — Ek get at enn verði ýmsir brimseldskerðandar<sup>2</sup> brögðum fegnir. Hlátr skal hegna herðinjótum<sup>3</sup>.

1. *óskjóti*, óskundi, farartálmi. — 2. *brims-eld-skerðandi*, gullskerðandi, mannkenning. — 3. *herðr*, sverð; *herðinjótr* mannkenning.

Eg veit, að seggir sátu inni. Ljótólfr, sem gerir lofið leitt (verðr eigi lofaðr) ræðr fyrir óskunda (farartálma).

Eg ætla að ýmsir eigi hér högg í annars garð. Það mun verða hlegið að þeim.

4 (Klaufi). Mál es ganga í meyjjar hvílu; emk mjök „stygglega höggur“<sup>1</sup>; fögr drós flýgr eigi í faðm mér mögrum. Munat oss batna um þessa þrá. Þat kváðu hjú rétt.

1. 2. vísuorðið: „mjök emk stygglega höggur“, gæti verið: mjök emk stugglega hnugginn, sem dr. Finnur Jónsson hefir bent á.

Síðari helmingr vísunnar er lítt skiljanleg, af því að síðasta vísuorðið lítr út fyrir að vera rangt. Hér er sett „bana manni“ fyrir „hana manni“; handritin hafa einnig „banna manni“.

Það er mál að ganga í hvílu til konu; mér er óhægt; hin fagra kona flýgr eigi í faðm mér mögrum.

5 (Þorleifr jarlsskáld). Beggvir hjó fyr mér sneggvan belg, enn al<sup>1</sup> og verju<sup>2</sup> fyr Áláfi. Svá skal boggvir, búinn við böl<sup>3</sup>, verða hoggvinn, ef vér lifum.

1. ál = ól. — 2. verja, yfirhöfn, kápa; orðið er enn til í alþýðumáli. — 3. búinn við böl, tilbúinn að gera ilt, rangsleitinn.

Að öðru leyti þarf vísan engrar skýringar við.

6 (Þorleifr jarlsskáld). Ek rauð randa víti<sup>1</sup> á rítorms sakar gæði<sup>2</sup>. Mens meiðr<sup>3</sup>, sverð tók at grenja í malma veðri<sup>4</sup>. Hringa fitjar ára felli-Gríðr<sup>5</sup> söng hættlega meðal fjalla. Ek hlóð fetilstrolla þolli<sup>6</sup> hnitsól<sup>7</sup>.

1. rönd, skjöldr; randa víti, sverð. — 2. rít, skjöldr; rítormr, sverð; sverðssök, orrusta, orrustu gæðir, maðr. — 3. mens meiðr, mankenning. — 4. malma veðr, orrusta. — 5. hringr, sverð; sverðs-fit, skjöldr; skjaldar ár, sverð;

*felli-Griðr* sverða, ðxi. — 6. *fetilstroll*, sverð; fetilstrolla þollr, mannkennig. — 7. *hnit*, orrusta; orrustu sól, sverð.

Eg rauð sverðið á manningum; það söng í því í orrustunni; ðin kvað hræðilega upp í fjöllumum. Eg (hlóð) honum) feldi hann með sverðinu.

7 (Klaufi). Dessi vísa þarf eigi skýringar við.

8 (Klaufi). Dessi vísuorð þurfa eigi skýringar við.

9 (Klaufi). Ekki heldr.

10 (Þorleifr jarlsskáld). Dr. Finnur Jónsson hefir gízkað á, að fyrri hlutr þessarar vísu mætti vera eitthvað á þessa leið:

Kvaðat sendir mik mundu  
mundhyrs rekask undan  
dyggr sás drýgja mun eggja  
dolg minningu sinni.

D. e. sendir mundhyrs (handarelds sendir, Karl), sá er drýgja mun eggja dolg (eggja fjandskap, bardaga) kvað mig eigi mundu rekast undan minningu (hefnd) sinni.

Síðari helmingrinn er lítt skiljanlegr. Þar koma fyrir tvö sverðsheiti, „blóðormr“ og „hræva-gífr“; „brandi“ gæti verið sagnorðið „bendi“, sem séra Eggert Brim hefir gízkað á, og „hræva gífrs heggr“ gæti værið mannkennig (Aarb. for nordisk Oldkyndighed, 1884, bls. 142).

11 (Þorleifr jarlsskáld). Hér sitk ok hvetk hvarsar jöru randar hlym-brand<sup>1</sup>, meðan óðir óvinir leiða oss matreiðu<sup>2</sup>. Bernsklegir eigum báðir ból úti um hellisskúta, þar es sólar nýtr lítt. Oss hlægir þat eigi.

1. *jara*, orrusta, *jöru-rönd*, orrustu baugr = skjöldr;

skjaldar *hlymr*, orrusta; orrustu *brandr* (eldr), sverð. — 2. *matreiða*, matargerð.

Eg sit hér og hvet sverð mitt, meðan skæðir óvinir gera erfitt um matföng. Við unglingarnir eigum báðir ból úti í hellisskúta. Það fær oss ekki gleði.

12 (Karl hinn rauði). Hvass hyrvindr mikils styrjar<sup>1</sup> gelr hér á húsi; fleinhriðar fæðir<sup>2</sup>, sá es skal verða hræddr, vegr ferð<sup>3</sup>; þau ljóð munu hætt Grísi, es ek vætti, enn renn þú eigi leiðar linn sveigir<sup>4</sup>; bið þú gunnstara grennis<sup>5</sup>.

Fyrsta vísuorð mun eiga að vera þannig, svo að aðalendingum sé borgið:

Hvass gelr hér á húsi.

1. *styr*, orrusta; orrustu-*hyrr* = orrustueldr, sverð; sverðs *vindr* bardagi. — 2. *fleinhrið*, orrusta; orrustu-*fæðir*, mannkenning, sem reyndar er óvanaleg. — 3. *ferð*, atлага. — 4. *linnr*, ormr; orms *leið*, gull; gulls *sveigir*, mannkenning. — 5. *gunnstarri*, valr; *gunnstarra-grennir* = *gunnstarra-greddir*, mannkenning.

Hér dynr vopnagnýr á húsi; maðr, sem verða skal hræddr, veitir oss atsókn. Þau ljóð munu (verða) hætt Grísi, að eg vona, enn renn þú eigi, maðr, biddu mín.

13 (Klauff). Hér ganga gunnhvöt enni<sup>1</sup> fram fyr garð. Eruð vanir vígum sem vér fyrri; höfum sét sólheim<sup>2</sup>, munuð sjá annan. Eruð ér alls of duldir sem vér.

1. *gunnhvöt* er tilgáta Benedikts Gröndals í riti hans „Clavis poetica“. Hvort *enni* þýðir hér alveg sama og menn, er óvíst. — 2. *sólheimr*, veröldin. Hinn *annar* sólheimr er = annað líf.

Hér ganga hraustir menn fram fyrir garð. Þér eruð

vanir vígum sem vér fyrrum. Ek hefi séð heiminn til fulls; þér munuð sjá annan heim. Þér eruð duldir alls, (svo) sem vér vorum (ek var).

14 (Karl hinn rauði). Fyrri partr vísunnar er aflagaðr, og verðr ekki skýrðr, eins og hann er. Síðari hlutrinn er skiljanlegri. — Nærgi<sup>1</sup> es þeyr<sup>2</sup> af þeiri, ræð ek standa í randelds hrið<sup>3</sup>, þót rigni blóði; þats einu meinlegra<sup>4</sup>.

1. nærgi = nær sem. — 2. þeyja þiðna; þeyr (3. pers. eint.), þiðnar. — 3. rönd, skjöldr; randeldr, sverð; sverðahrið, bardagi. — 4. einu meinlegra = lítið meinlegra.

Hvénær sem þessi hrið (drifa) þiðnar (hve lengi sem orrustan stendr), stend eg í henni, þótt blóði rigni. Það gerir oss lítið mein.

15 (Klaufi). Dynr er um allan Svarfaðardal. Vinir várir eru of fyldir vals<sup>1</sup>. Knýjum knýjum, Karls um liðar. Látum Ljótólf goða liggja í urð ok í urð.

1. vinir várir eru of fyldir vals, hefir verið skýrt: vinir várir eru í vígahug, enn líklegra er að hér eigi að standa erut, og að hugsunin sé, at vinir várir sé eigi of fyldir vals, sé eigi saddir á vígum.

16 (Klaufi). Fyrri helmingrinn er eitthvað aflagaðr, og verðr eigi skýrðr til fulls; síðari helmingrinn er þó enn óskiljanlegri.

Hugsunin virðist vera: Mönnum mun þykja þetta mikil tíðindi; margr sér (eða sá) þar bjargarvon. Svo eru afdrif manna (svá greiðisk lok lýða). „Heimfjöturr“ gæti líka átt við „greiðisk“: „Svá greiðisk langr heimfjöturr“ (sbr. heimasnagi' í: „hélt honum ekki heimasnaginn, heystálið né konu maginn“ í eftirmælum Torfa sýslumanns eftir Hallgrím Pétsson).

Síðari helmingrinn er öllu óskiljanlegri. Orðið „skrimta“ þýðir í alþýðumáli að eitthvað sé með lífsmarki, blakti, hrærist.

17 (Klauff). Þessi vísa virðist vera víshelmingr (síðari hlutr); er aflaga færðr og verðr ekki fullskýrðr. — *Áli*, sækonungr, *Ála el*, orrusta, *Ála eldraugar* menn; *ske* gæti verið (*skæ*) = skær, hestr, enn þá vantar fyrri hlut þeirrar kenningar. „Svimmk við ský“ er sama sem „jamt læt ek við ský skrimta“; „grimmum vélum“ á líklega saman.

---

## Nöfn.

- Atlanautr** (sverð) 53, 55, 57, 89.  
**Atli illingr** (víkingr) 40.  
**Austmenn** 68, 70, 71.  
**Álrekr** (f. Ljótólfs goða) 29.  
**Ána** (í Norvegi) 28.  
**Ásgeirr rauðfeldr** 32, 45, 46, 48, 49, 54, 60, 62.  
**Ásgeirssynir** (= Þorleifr jarlaskáld ok Óláfr völu-brjótr) 48, 53, 55, 60, 62, 63, 64.  
**Bakkagarðr** í Svarfaðardal 59.  
**Bakkavað** í Svarfaðardal 58.  
**Bárðr digri** 30.  
**Bárðr greipr** 31.  
**Bárðr sterki** 65.  
**Bárðr stýrimaðr** 81, 82, 83.  
**Birna** 37.  
**Birnunes** í Eyjafj.s. 37.  
**Björgólfr víkingr** 82, 83.  
**Björn digri** 29.  
**Björn** (húskarl) 38.  
**Björn ór Teigsfjalli** 43.  
**Björn Hrólfsson** (frá Ánu) 28.  
**Björn Skíðason** 66, 78.  
**Blakksgerði** (Blaðsgerði) í Svarfaðardal 35, 61.  
**Bleikudalr** 59.  
**Brekka**, bær í Svarfaðardal 32, 45, 46, 49, 51—53, 68.  
**Brimnesá** 70.  
**Brynjólfr** (sænskr maðr) 86.  
**Búrfellshús** í Svarfaðardal 50.  
**Böggvisstaðir**, bær í Svarfaðardal 67, 90.  
**Böggvir** = Klaufi 36.  
**Böggvir Karls son unga** 90  
**Danmörk** 81, 83.  
**Deildardalr** (í Skagafirði) 30.  
**Eikibrekka** í Svarfaðardal 35.  
**Eikisík** í Svarfaðardal 35.

- Eyglu-Halli 91.  
 Eyjafjörðr 28.  
 Eyjólfur breiðhöfði 90.  
 Eyrar 79.  
 Eyvindr austmaðr 28.  
 Fljót, sveit í Skagafirði 62.  
 Gautelfr (í Svíþjóð) 9.  
 Gautland 25, 27.  
 Geiravellir í Svarfaðardal 67.  
 Geirdís í Holti 66.  
 Geiri Geirdísarson 66.  
 Goðrún (= Þórarína) dóttir  
 Þorsteins svarfaðar 26.  
 Grafarhús (Gröf), bær í  
 Svarfaðardal 68.  
 Glúmr Skíðason 66.  
 Grimsey 50.  
 Griss gleðill 31, 32, 33, 34,  
 35, 36, 37, 38, 39, 40,  
 41, 42, 43, 44, 45, 46,  
 54, 56, 57.  
 Grund, bær í Svarfaðardal  
 29, 34, 35, 36, 41, 45,  
 46, 47, 53, 61, 70, 72,  
 76, 79, 88, 89.  
 Grundarhús 64.  
 Grundarmenn 57.  
 Gunnarr stýrimaðr 67—70.  
 Hafþórr (snækollr) víkingr  
 27.  
 Haleyri 86.  
 Halli = Eyglu-Halli.  
 Haraldr hinn hárfagri 1, 27.  
 Hámundr heljarskinn 28.  
 Hávarðr ór Þorvaldsdal 37,  
 38, 61.  
 Heðinn ór Heðinsfirði 30,  
 61, 67.  
 Heðinsfjörðr 30.  
 Heklu-Skeggi 35, 38, 52, 62.  
 Helgi hinn magri 28, 37.  
 Hella, bær á Galmarströnd  
 37.  
 Herröðr jarl á Gautlandi  
 15, 27.  
 Hetland 27.  
 Hof í Svarfaðardal 29, 35,  
 36, 42, 46, 55, 59, 63,  
 68, 79, 84, 85, 88.  
 Holt hit ytra í Svarfaðar-  
 dal 66.  
 Hóltsdalr í Eyjaf.s. 66.  
 Hrafn Karlsson 90.  
 Hrafnstaðir, bær í Svarf-  
 aðardal 90.  
 Hranarek 37.  
 Hrani í Birnunesi 37, 38.  
 Hraun, bær í Svarfaðardal  
 31.  
 Hrisey (á Eyjafirði) 29.  
 Hróðgeirr hinn hvíti Hrapps-  
 son 29.  
 Hrólfr nefglita 31, 38, 42,  
 46.  
 Hrólfr frá Ánu 28.  
 Hrólfr Helgason hins magra  
 28. 7\*

- Hyltinganaust í Svarfaðar-  
dal 71.
- Hæringsstaðir, bær í Svarf-  
aðardal 51.
- Hæringr & Hæringsstöðum  
51.
- Höskuldr lögmaðr 30, 31,  
38, 58.
- Höskuldsstaðir, bær í Svarf-  
aðardal 30, 42.
- Ingibjörg Herrðardóttir  
kona Þorsteins svarfaðar  
17, 23, 24, 27.
- Ingjaldr Helgason hins  
magra 28.
- Ingunn Helgadóttir hins  
magra 28.
- Írar 28, 87.
- Írland 28, 87, 88.
- Ísland 27, 33, 39, 83, 84.
- Íslendingr (skip) 35.
- Járnbarði (skip) 8.
- Kambr, örnefni í Svarfað-  
ardal 31.
- Karl (ómáli síðar kallaðr)  
hinn ungi 72—90.
- Karl hinn rauði Þorsteins  
son svarfaðar 26, 27, 31  
34, 35, 40, 41, 44—51,  
55—72.
- Karlsá, bær í Svarfaðardal  
29, 71.
- Karlsstaðir, bær í Óláfs-  
firði 90.
- Klaufabrekkur (-brekka),  
bær í Svarfaðardal 44,  
52, 89.
- Klaufahlöð, örnefni í Svarf-  
aðardal 51.
- Klaufanes 44.
- Klaufi beggvir Snækollsson  
33, 35, 36—45, 47—60,  
62, 68, 69, 89, 90.
- Kolbeinn Sigmundsson, land-  
námsmaðr í Kolbeinsdal  
44, 48, 50.
- Kolbeinsáróss 81.
- Kolbeinsey 50.
- Kristnes, bær í Eyjafirði 28.
- Kristr 28.
- Krókamelar í Svarfaðardal  
50.
- Kumlateigr í Svarfaðardal  
58.
- Kötluþfall 37.
- Ljótólfr goði Álreksson 29  
—32, 35, 42—51, 54, 56,  
58—68, 70—72, 74, 75,  
78—81, 84, 85—90.
- Ljótr hinn bleiki berserkr  
7, 8, 10—13, 15, 20, 22,  
25, 26, 33.
- Ljótr Ljótólfsson = Valla-  
Ljótr.
- Melar, bær í Svarfaðardal  
43, 44.
- Melshöfði, höfði austanvert  
við Svarfaðardalsárós 41.
- Miðfjarðar-Skeggi 32.

- Moldi, berserkr 17, 18, 19, 20, 21, 22.
- Möðruvellir í Eyjafirði 62.
- Möðruvellir, bær í Skíðadal 66, 77.
- Nafarsdalr, örnefni 59.
- Naumudalr 1, 15, 25, 26.
- Niðaróss (Trondhjem) í Noregi 33, 39.
- Noregr 1, 23, 24, 27, 41, 86.
- Orkneyjar 27.
- Óláfr Ásgeirsson völuþjótr 32, 45, 52, 62.
- Óláfr (bekkr) ór Óláfsfirði 30, 68.
- Óláfsfjörðr 30, 68.
- Ósland, bær í Skagafirði 42.
- Ragnhildr Ljótólfaóttir 63, 90.
- Rauðr, sænskr maðr 86.
- Sandvík í Múlas. 29.
- Siglufjörðr 30, 62.
- Siglunes 30.
- Sigríðr Klaufa systir 33, 35, 44, 46, 54, 57, 62.
- Sigurðr Bjarnarson ór Teigsfjalli 48.
- Skagafjörðr 42, 81.
- Skeggjastaðir, bær í Svarfaðardal 31.
- Skeggi = Miðfjarðar-Skeggi.
- Skinna-Björn 32.
- Skíðadalr 66, 77.
- Skíði 42, 43, 45, 60, 62, 66, 68, 71, 72, 77—79, 82, 87, 88.
- Skorðumýrr, örnefni í Svarfaðardal 35, 64.
- Skútaðar-Skeggi 32.
- Snækollr Ljótsson (= Hafþórr snækollr) víkingr 27, 33.
- Sólskel í Noregi 39.
- Stafshóll, bær í Deildardal í Skagafirði 30.
- Steindyrr, bær í Svarfaðardal 32, 35, 62.
- Strönd = Upsaströnd 50, 66.
- Suðreyjar 28.
- Suðrriki = Svíaríki 83.
- Svarfaðardalr 31, 59.
- Svarfaðardalsáróss 67, 84, 88.
- Svarfdælir 91.
- Svarthöfðasteinar, örnefni á Siglunesi 30.
- Svarthöfði 30.
- Svarthöfði Heðinsson 30, 61, 67, 70, 71,
- Svíasker (við Gautland) 7.
- Svíþjóð 14, 86.
- Teigarhöfði, örnefni í Svarfaðardal 49—50.

- Teigsfjall í Svarfaðardal 48.  
 Tungugerði, örnefni í Svarfaðardal 72.
- Uni (Unason) 30, 42, 44, 48, 49, 50.  
 Upsar, bær á Upsaströnd 61, 62, 67, 68, 72, 79, 84, 85, 88—90.  
 Urðarhús (= Urðir), bær í Svarfaðardal 50.  
 Urðamenn 90.  
 Urðir (= Urðarhús), bær í Svarfaðardal 90.
- Valla-Ljótr Ljótólfsson 90.  
 Vatnsdalr, afdalr 32.  
 Vatnsdalsá 48.  
 Vatnsdalshólar 32.  
 Vellir, bær í Svarfaðardal 90.  
 Vermundr Ólafsson bekks 30, 61, 68.  
 Viðihólar 32.  
 Vigfús Hávarðsson 37.
- Yngvildarstaðir (nú Ingvarastaðir eða Ingvarir), bær í Svarfaðardal 90.  
 Yngvildr fögrkinn 32, 45, 46, 48—50, 52—54, 63, 65, 66, 68, 71, 77—79, 81, 82, 84—86, 88, 89.  
 Yngvildr Karlsdóttir unga 90.
- Þingavað 80.  
 Þorgerðr kona Karls hins rauða 70, 72.  
 Þorgils mjöksiglandi 90.  
 Þorgnýr hersir í Naumudölum 1, 5—7, 15, 25—26.  
 Þorgnýr hinn grá á Óslandi 42, 49.  
 Þorgrímr Karls son hins rauða 76.  
 Þorkatla hin gamla 37.  
 Þorkell Skeggjason 31.  
 Þorkell Skíðason 66, 72, 78.  
 Þorleifr Ásgeirs son jarls skáld 32, 52, 54, 56, 57.  
 Þorsteinn Karls son hins rauða 76.  
 Þorsteinn svörfuðr 1—36, 38, 39, 41, 44, 45, 50, 61.  
 Þorvaldr Hávarðsson 37.  
 Þorvaldr Karls son hins rauða 77.  
 Þorvaldsdalr, dalr í Eyjafirði 37—38.  
 Þórarinn á Hellu 37.  
 Þórnarna eða Goðrún Þorsteinsdóttir svarfaðar 26, 27, 33.  
 Þórðr fangari 35, 36.  
 Þórðr gapa 46.  
 Þórðr Ólafsson bekks 30, 61, 68.

<b>Þórdís Guðmundsdóttir hins ríka</b> 62.	<b>Þórr (gaðinn)</b> 28.
<b>Þórhildr skinna-Bjarnar-dóttir, kona Ásgeirs rauðfeldar</b> 32, 46.	<b>Þrándheimr í Noregi</b> 32, 39, 81, 85.
<b>Þórólfr Þorgnýsson hersis</b> 1—6, 11, 12—16, 24.	<b>Þögmundr Höskuldsson</b> 30, 31, 41, 45, 58, 61, 63, 67, 70, 71.
<b>Þórólfr Þorsteinsson svarfaðar</b> 24, 26, 27.	<b>Þörn húskarl</b> 38.







**RETURN CIRCULATION DEPARTMENT**  
**TO → 202 Main Library**

LOAN PERIOD 1	2	3
<b>HOME USE</b>	5	6
4		

**ALL BOOKS MAY BE RECALLED**

1.1.1.1.1

GENERAL LIBRARY - U.C. BERKELEY



8000248461

